



SKOÐUN Við búum í frekjusamfélagi, segir Guðmundur Andri sem veltir fyrir sér stöðu kjarasamninga. **15**



MENNING Sólveig Guðmundsdóttir leikkona leitar að trúðnum í nemandum sínum á nýju námskeiði. **37**



SPORT Enn aukast vandræði Manchester United og knattspyrnustjórnar David Moyes í enska boltanum. **30**

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Landmark leiðir þig heim!
Sími 512 4900 landmark.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

10. febrúar 2014
34. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Kaupa veðsetta bíla

Peim fjölgar sem kaupa bíla sem þeir vita ekki að hafa verið veðsettir. Lýsing seldi bíl á 50 þúsund sem var með 1,2 milljóna veði. **6**

Sjálfstæðisfélag vill vottun Vogar ættu að gera samstarfssamning við Sjálfstæðisfélagið Munin. Óviðeigandi að mati formanns bæjarráðs. **2**

Vilja ekki geðsjúka Fólk er neikvæðast gagnvart þroskahömluðum og geðsjúkum þegar það er spurt um atvinnuþátttöku fatlaðra. **8**

Hermenn sleppa Yfirmenn í bandaríska herafnanum eru gagnrýndir fyrir að hlífa undirmönnum við kærur vegna kynferðisbrota. **10**



Bolungarvík	1°	☁*	NA	5
Akureyri	1°	☁*	NA	2
Egilsstaðir	2°	☁*	NNA	5
Kirkjubæjarkl.	1°	☁*	NNA	3
Reykjavík	0°	☁*	NA	2

Hiti um frostmark Í dag má búast við NA-áttum, yfirleitt 23-8 m/s. Bjart með köflum og úrkumulítið S- og V-til en bætir í úrkomu N- og A-lands. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



Vilja reisa risaverksmiðju

Bandarískt fyrirtæki vill reisa verksmiðju á Grundartanga sem gæti framleitt um 16.000 tonn af kísil á ári. Verksmiðjan gæti skapað yfir fjögur hundruð störf. Hvalfjarðarsveit skoðar nú breytingar á skipulagi svæðisins.

IDNADUR Forsvarsmenn bandaríska fyrirtækisins Silicor Materials hafa óskað eftir lóð á Grundartanga undir eina stærstu sólar kísilverksmiðju í heimi. Fyrirtækið vill hefja framkvæmdir næsta haust og áætlaður byggingarkostnaður er samkvæmt heimildum Fréttablaðsins um 77 milljarðar króna.

Áætlanir Silicor Materials gera ráð fyrir verksmiðju sem gæti framleitt um sextán þúsund tonn af kísil á ári og skapað um fjögur hundruð störf. Kísillinn yrði framleiddur með sérstakri framleiðsluáferð þar sem efnið er hreinsað með bræddu áli og hann síðan seldur

til framleiðenda sólarrafhlaðna. Gert er ráð fyrir að ál frá íslenskum álfyrirtækjum verði notað til framleiðslunnar og þá líklegast frá Norðuráli á Grundartanga.

Davíð Stefánsson, ráðgjafi Silicor Materials á Íslandi, staðfestir að fyrirtækið hafi sótt um lóð á svæðinu en tekur fram að önnur lönd séu einnig til skoðunar. „Það er ekki tímabært fyrir mig að tjá mig um málið. En gangi þetta eftir er þarna um mikla hagsmuni að ræða fyrir Íslendinga. Þetta er grænt verkefni sem skapar störf og styður við það sem fyrir er.“

Faxaflóahafnir, sem eiga lóðirnar

Sagt framleiða kísil með ódýrari hætti

Silicor Materials var stofnað árið 2006 og starfar í þremur löndum; Bandaríkjunum, Kanada og Þýskalandi. Fyrirtækið hefur fengið einkaleyfi á nýrri framleiðsluáferð sem notar brætt ál til að fjarlægja óhræinindi úr kísil. Álið virkar þá eins og svampur sem dregur í sig óæskileg efni og eftir verður kísill sem hægt er að nota til framleiðslu á sólarrafhlöðum. Áferðin er sögð helmingi ódýrari en aðrar.

ar á Grundartanga, eiga í viðræðum við Hvalfjarðarsveit um breytingar á aðalskipulagi svæðisins vegna aukins áhuga fyrirtækja á löðunum.

Laufey Jóhannsdóttir, sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar, segir enga ákvörðun hafa verið tekið um hvort

farið verði í breytingar á aðalskipulaginu. „Málið er í ferli hjá umhverfis-, skipulags-, og náttúruverndarnefnd Hvalfjarðarsveitar sem er að skoða þessi skipulagsmál. Og það er ekki komin nein niðurstaða í þau mál,“ segir Laufey. -hg



ALLIR Í BREKKURNAR Aðsóknin í skíðabrekkurnar í Skálafelli í gær var svo mikil að umferð inn og út af svæðinu stíflaðist. „Lögreglan kom hingað til að leysa úr umferðartæppunni,“ segir Gunnar Kristinn Björgvinsson, rekstrarstjóri í Skálafelli. „Stemningin var samt gríðarlega góð í fjallinu.“

Vísbendingar um aukin umsvif í fullvinnslu steraefna í söluformi:

Stóraukið magn stera tekið í tolli

SMYGL Gríðarleg aukning á magni af sterum sem tollgæslan hefur lagt hald á undanfarnin tvö ár vekja grun um að hér á landi séu aukin umsvif í fullvinnslu steraefna í söluformi, til dæmis ampúlur og töflur.

Sérstaklega er áberandi stóraukið magn stera í duft- og vökvaformi, auk áhaldna og íláta til pakknings.

Nýjar bráðabirgðatölur tollgæslunnar sýna að á síð-

asta ári hafi verið lagt hald á rúma fimm lítra af sterum á vökvaformi og 1.700 grömm af steradufti. Það er mikil aukning frá því árinu áður þegar tollurinn tók 1,4 lítra af vökva og níu kíló af dufti.

Tollurinn lagði hald á 61.400 steratöflur á síðasta ári, sem er hátt í tvöföldun á magninu síðustu þrjú ár á undan þegar magnið var frá 35.000 töflum upp í 39.000.

Út frá þessum tölum má gefa sér að steraneysla hafi aukist hér á landi. Undir það tekur Skúli Skúlason, formaður Lyfjanefndar Íþróttasambands Íslands, sem segist hafa átt samtöl við lækna sem sjái fleiri tilfelli aukaverkana vegna steranotkunar.

Skúli segir baráttuna gegn þessari þróun vera erfiða þar sem refs-

61.400

steratöflur voru teknar í tollinum í fyrra.

ingar séu vægar við brotum af þessu tagi. Þá takmarkist eftirlit og forvarnir af fjárskorti.

Það fjármagn sem fæst af fjárlögum er notað til að sinna eftirliti fyrir íþróttahreyfinguna. Það nægi hins vegar ekki til þess að auka samstarf við líkamsræktarstöðvar eða fangelsi, eða til að auka forvarnarstarf meðal ungmenna.

Samkvæmt lögreglunni eru mál tengd notkun og sölu á sterum ekki í forgangi, þar sem forgangur markist meðal annars af refsþyngd.

- þj / sjá síðu 4

Paratabs®

Actavis



Sushi allan sólarhringinn!

24 TÍMA

Iceland

SPURNING DAGSINS



Verður urrað á veiðipjófa?

„Já, og það verður séð til þess að þeir fari heim með öngulinn í rassinum.“

Ólafur Örn Haraldsson er þjóðgarðsvörður á Þingvöllum. Veiðireglum við Þingvallavatn verður breytt til að sporna við stóruþrádrápi.

Beðið er niðurstöðu Landsréttar um fjögurra vikna gæsluvarðhald:

Áfrýjað í máli Hjördísar Svan

DÓMSMÁL Danskur saksóknari í máli Hjördísar Svan Aðalheiðardóttur hefur áfrýjað til Landsréttar þeirri ákvörðun dómarsins að Hjördís sitji ekki í gæsluvarðhaldi heldur fari í fjögurra vikna farþann.

Að sögn heimildarmanns Fréttablaðsins í Horsens í Danmörku, þar sem málið er rekið, gæti komið niðurstaða í málinu í dag.

Hjördís Svan var flutt til Danmerkur í fylgd lögreglu í síðustu viku. Saksóknari krafðist fjögurra vikna gæsluvarðhalds en ólög-

legt brottmál Hjördísar á börnum sínum frá Danmörku er til meðferðar fyrir dönskum dómstólum.

Hjördís er með danskan lögmann úti sem telur góðar líkur á sýknu þar sem Hjördís Svan hafi ekki aðeins verið rétt heldur skylt á grundvelli nauðvarnar að forða börnunum úr þeim aðstæðum sem þau bjuggu við. Einnig verður þess krafist að nýleg gögn er varða meint harðræði verði tekin til umfjöllunar. Þetta kemur fram í yfirlýsingu íslenskra lögmannna Hjördísar. - ebg



HJÖRDÍS OG DÆTUR Börn Hjördísar dvelja á Íslandi hjá móðurfjölskyldu sinni en Hjördís er í Horsens og hefur verið dæmd í fjögurra vikna farþann.

Maður slasaðist í Laxárdal: Ók vélslæða fram af hengju

SLYS Björgunarsveitin Skagfirðingaveit á Sauðárkróki sótti í gær slasaðan mann sem ók vélslæða fram af hengju í Laxárdal.

Björgunarmenn fóru ásamt sjúkraflutningamönnum á staðinn með bíl og tvo snjóslæða. Þegar að var komið gátu þeir ekið björgunarsveitarbílnum beint á slystað. Manninum var svo ekið þangað sem sjúkrabíll beiddi hans og flutti á sjúkrahús. Ekki fengu upplýsingar um líðan mannsins. - hg



MEÐ VERÐLAUNIN Bylgja Dögg Sigurðardóttir og Patreki Maron Magnússon mættu bæði þegar tilkynnt var um val Rauða krossins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Rauði krossinn valdi í gær Skyndihjálparmann ársins 2013: Bjargaði manni í hjartastoppi

FÉLAGSMÁL Rauði krossinn á Íslandi valdi í gær Bylgju Dögg Sigurðardóttur sem Skyndihjálparmann ársins 2013. Bylgja hlaut viðurkenninguna fyrir að sýna hárrétt viðbrögð þegar hún kom að ungum manni, Patreki Maron Magnússyni, þegar hann hafði fengið hjartastopp í Seljahverfi í Breiðholti í október 2013.

Bylgja, sem er 24 ára gömul og hefur oft farið á skyndihjálparnámskeið, kom að Patreki þar sem hann sat í farþegaseti bifreiðar og þá hafði hann misst lit og virtist líflaus. Hún náði að koma honum út úr bílnum, leggja hann á grasið og hefja endurlífingun. Bylgja hnoðaði bringu Patreks í sjö mínútur þar til lögreglan mætti á svæðið og tók við endurlífingunni. - hg

Byggja 4.500 fermetra hótél:

Reisa fyrsta Stracta-hótelið

FERÐAÞJÓNUSTA Framkvæmdir við fyrsta Stracta-hótelið af tíu eru hafnar á Hellu. Áætlaður heildarkostnaður við hótelið er um einn og hálfur milljarður króna og það verður rúm 4.500 fermetrar að stærð. Frá þessu var greint í kvöldfréttum RÚV í gær.

Feðgarnir Hermann Hreiðarson, fyrrverandi atvinnumaður í fótbolta, og Hreiðar Hermannsson standa á bakvið hótélkeðjuna. Hún mun samkvæmt áætlunum þeirra kosta hátt í átján milljarða króna. - hg

Meðalverðið 120 krónur:

Munar 235% á rúðuvökvum

NEYTENDUR Dýrasti rúðuvökvinn í könnun Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) kostar 235 prósentum meira en sá ódýrasti.

Samkvæmt verðkönnun FÍB á rúðuvökvum fæst ódýrasti vökvinn í Bauhaus þar sem lítrinn er seldur á 51 krónu. Sá dýrasti fæst hjá Olís þar sem lítraverðið er 171 króna.

Meðalverð rúðuvökva, miðað við frostþol yfir níu gráðum, er 120 krónur. Verðið hefur lækkað um fjórar krónur á lítra frá könnun FÍB fyrir ári. - hg

Gildi sjálfstæðisfélags fá vottun frá bænum

Forseti bæjarstjórnar Voga vill að sveitarfélagið geri samstarfssamning við Sjálfstæðisfélagið Munin um afnot af fundarsölum þar sem gildi félagsins er viðurkennt. Óviðeigandi segir formaður bæjarráðs. Minnihlutafulltrúi segir málið hjákátlegt.

STJÓRNMÁL „Þetta er hjákátlegt,“ segir Bergur Álfþórsson, bæjarfulltrúi E-listans, um tillögu í bæjarráði Voga um að sveitarfélagið geri samstarfssamning við Sjálfstæðisfélagið Munin.

Það var Oddur Ragnar Þórðarson af H-lista, forseti bæjarstjórnar og formaður Munins, sem lagði fram drög að samstarfssamningnum en vék síðan af fundi. Samkvæmt samningnum ætti Muninn að fá aðgang að tveimur sölum í eigu bæjarins til að funda tólf sinnum á ári. Ákvæði er um að Sveitarfélagið Vogar viðurkenni „þjónustuhlutverk og gildi Munins í samfélaginu og Muninn hlutverk sitt og skyldur gagnvart íbúum“ í Vogum.



ODDUR RAGNAR ÞÓRÐARSON

„Ég fæ ekki séð hvernig pólitísk samtök geta óskað eftir því að sveitarfélag viðurkenni þjónustuhlutverk og gildi pólitískis félags,“ segir Bergur Álfþórsson, sem óskaði eftir skýringum á þessu atriði og fleirum.

„Það verður mjög spennandi að sjá hvort formaður Sjálfstæðisfélagsins getur komið með svar við því hvernig það þjónar hagsmunum íbúa sveitarfélagsins að hann fari á landsfund Sjálfstæðisflokksins,“ bætir Bergur við en ákvæði um þessa fundarsókn er einmitt í samningnum.

Meirihluti í bæjarstjórn Voga er myndaður af þremur fulltrúum H-lista og einum fulltrúa L-lista. Sá



VOGAR Sjálfstæðisfélagið Muninn vill afnot af tveimur fundarsölum bæjarins. Í staðinn lofar félagið meðal annars að senda fulltrúa á landsfund Sjálfstæðisflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

er Kristinn Björgvinsson. Á bæjarráðsfundinum sagði Kristinn „óviðeigandi að sveitarfélagið geri samstarfssamninga við stjórnmálasamtök“.

Oddur kveðst ekki bjartsýnn á framgang málsins eftir umræðuna í bæjarráði. „Þeim sem sátu þennan fund fannst þetta eitthvað óþægilegt. Hugsanlega tengist það því að það eru kosningar eftir örfáa mánuði. Ég sé ekki grundvöll fyrir því að ná þessu í gegn þegar þessir menn láta svona,“ segir Oddur sem bendir á að sveitarfélagið geri einmitt samstarfssamninga við ýmis önnur félög:

„Svona starfsemi ýtir undir pólitísk, menningarleg og félagsleg gildi. Tilgangurinn er að draga inn mátarstólpa og áhugaverða kar-



„Það verður mjög spennandi að sjá hvort formaður Sjálfstæðisfélagsins getur komið með svar við því hvernig það þjónar hagsmunum íbúa sveitarfélagsins að hann fari á landsfund Sjálfstæðisflokksins.“

Bergur Álfþórsson bæjarfulltrúi E-listans í Vogum

aktera í þjóðfélaginu til að ræða málin ítarlega.“ gar@frettabladid.is



Kringlunni
Sími 568 7777
heyarnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN



Þrjú mánuðir liðnir frá því fellibylurinn Haiyan gekk á land á Filippseyjum:

Fjórar milljónir enn án heimilis

FILIPPSEYJAR Ríflega fjórar milljónir manna, þar af 1,7 milljónir barna, eru enn án heimilis eftir náttúruhamfarirnar á Filippseyjum í nóvember síðastliðnum.

Á laugardag voru þrjú mánuðir liðnir frá því að fellibylurinn Haiyan, einn sá öflugasti í manna minnum, gekk þar á land. Hann kostaði meira en sex þúsund manns lífið, svo vitad sé, en að auki er nærri 1.800 manns enn saknað.

Tekist hefur að safna 97 prósentum af þeim 119 milljónum dala sem Sameinuðu þjóðirnar töldu þurfa til hjálparstarfs.

Starfsfólki á vegum Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, hefur tekist að útvega 925 milljónum manns aðgang að vatni, auk þess sem 420 þúsund börn hafa fengið námsgögn frá UNICEF sem gerir þeim kleift að halda áfram í skóla.

Hér á landi söfnuðust meira en 25 milljónir króna frá þúsundum landsmanna í neyðarsöfnun UNICEF á Íslandi. Að auki hafa framlög frá 22 þúsund heimsforldrum UNICEF runnið til neyðaradgerðanna. Samtals hafa því um 30 þúsund manns hér á landi stutt neyðaraðgerðir fyrir börn á Filippseyjum. - gb



DAGLEGT LÍF Í TACLOBAN Lífið er nokkurn veginn að komast í eðlilegar skorður víða á hamfarasvæðunum. NORDICPHOTOS/IAFP



The power to do more

Viltu losna við aukakílóin?

Dell Latitude E7440 – Létt og öflug fartölva fyrir kröfuharða.



Þjónustuábyrgð Dell (DBS)

Þessi vél fylgir „Dell Branded Services“ sem tryggir betri og fljótari þjónustu.

Hámarks fjárfesting

Nýtir sömu tengikví og spennubreyta og áður.



1,6 kg

Fislett og faguð, tölvan vegur ekki nema 1600 grömm.

2,1 cm

Ótrúlega nett og 33% þynnri en forveri sinn.

16 GB

Sérlega öflug og hraðvirk, allt að 16GB vinnsluminni.

13 klst.

Allt að 13 tíma rafhlöðuending. Fer eftir stillingum, notkun, tæknilegri útfærslu og umhverfisþáttum.

Hringdu í síma **440 9010** eða sendu póst á sala@advania.is og fáðu upplýsingar um þessa frábæru vél.

Velkomin í verslanir okkar:

Guðrúnartún 10, Reykjavík

Opið mán. til fös. frá 8 til 18
Lau. frá 12 til 16

advania.is

Tryggvabraut 10, Akureyri

Opið mán. til fös. frá 8 til 17



advania

Welcome to IT

SVONA ERUM VIÐ



131%

er verðhækkunin á innfluttu kaffi síðastliðin tíu ár.

Kílóíð kostaði 658 krónur árið 2003 en 1.523 krónur í fyrra.

(Heimild: Hagstofan)

Nýjar staðlaðar reglur um markviss viðbrögð við mögulegu neyðarástandi í netheimum kynntar:

Ísland aðili að nýjum netöryggisreglum

FJARSKIPTI Ísland er aðili að nýjum stöðluðum verklagsreglum um viðbrögð við stór-áfallum eða neyðarástandi í netheimum. Reglurnar eru gefnar út af Net- og upplýsingaöryggisstofnun ESB (ENISA) en EFTA-löndin komu einnig að gerð þeirra.

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, segir í samtali við Fréttablaðið að með þessum reglum sé verið að skilgreina hlutverk ef meiriháttar



HRAFNKELL V. GÍSLASON

atvik koma upp svo að viðbrögð séu eins markviss og hægt er.

Íslenska netöryggisveitin, CERT-ÍS, hefur að sögn Hrafnkells unnið náið með öðrum CERT-sveitum í Evrópu, meðal annars sett á svið æfingar.

Hann segir aðspurður að það sé ekki hægt að segja að það hafi myndast neyðarástand eða stór-áfall á Internetinu á Evrópumælikvarða. „Þó geta menn vel séð slíkt fyrir sér.“

→ Vettvangskönnun vonandi fyrir páska

Gagnasöfnun símafyrirtækjanna komst í hámaeli vegna Vodafone-lekans og þegar í ljós kom að sama fyrirtæki hafði geymt gögn um viðskiptavini sína miklu lengur en leyft var. Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar segir stofnunina nú vera að grannskoða hvort félögin hafi gert bragarbót á.

„Nokkrum dögum eftir Vodafone-lekann óskuðum við eftir gögnum frá símafyrirtækjunum. Þau eru nú komin í hús, en það er býsna mikið verkefni að vinna okkur í gegnum þau. Síðan verður gerð vettvangsúttekt hjá félögunum, og það væri gott ef við gætum klárað það fyrir páska,“ segir Hrafnkell.



HALDA Á SÉR HITA Mótmaendur í Kiev ylja sér. NORDICPHOTOS/AFP

Herlið í viðbragðsstöðu:

Auknar líkur á hryðjuverkum

ÚKRAÍNA Úkraínska leyniþjónustan segir hættuna á hryðjuverkum í landinu hafa aukist, meðal annars vegna mótmæla gegn ríkisstjórninni sem staðið hafa síðustu þrjú mánuði.

Leyniþjónustan kveðst hafa fengið fjölda sprengjuhótana og hersveitir verði settar í viðbragðsstöðu til þess að berjast gegn hryðjuverkum. Í yfirlýsingu sem leyniþjónustan sendi frá sér var tekið fram að lítið yrði á það sem hryðjuverk að hertaka opinberar byggingar.

Holskefla af sterum bendir til aukinnar steranotkunar

Hald var lagt á rúma fimm lítra af steravökva og tæp 1.700 grömm af steradufti í fyrra samkvæmt tölum frá tollgæslunni. Tollurinn hefur tekið tæki til fullvinnslu steraefna sem bendir til aukinna umsvifa hér á landi.

SMYGL Gríðarleg aukning hefur orðið síðustu tvö ár á því magni af sterum sem tollgæslan hefur lagt hald á við komuna hingað til lands, miðað við árin undan. Sérstaklega áberandi er stóraukið magn stera í duft- og vökvaformi. Sú staðreynd

ásamt því að tollurinn hefur gert upptæk áhöld og ílát til pakningar þykir tollgæslunni vekja grun um að hér á landi sé aukin umsvif í fullvinnslu steraefna í söluform, til dæmis í ampúlur og töflur.

Í nýjum bráðabirgðatölum frá tollgæslunni kemur fram að á síðasta ári hafi verið lagt hald á rúma fimm lítra af sterum í vökvaformi, að frátöldum ampúlum, og tæp 1.700 grömm af steradufti. Árið 2012 tók tollurinn um 1,4 lítra af vökva og rúm nín kíló af steradufti, en árin tvö á undan var samtals lagt hald á um hálf tanna kíló af dufti og innan við einn lítra af vökva.

Þegar lítið er til ampúla hafa yfirleitt verið teknar rúmlega 300 slíkar á ári, að undanskildu árinu 2011 þegar 1.112 ampúlur voru teknar, en í fyrra lagði tollurinn hald á um 61.400 steratöflur sem er miklu meira en árin þrjú á undan, þegar magnið var frá um 35.000 töflum upp í 39.000. Þess má einnig geta að það sem af er þessu ári er þegar búið að stöðva eina stórsendingu þegar hald var

5 lítra af sterum í vökvaformi tók tollgæslan í fyrra.

lagt á 27.000 töflur sem erlend kona reyndi að koma inn í landið.

Út frá þessum tölum má gefa sér að almenn steraneysla hafi aukist hér á landi og undir það tekur Skúli Skúlason, formaður Lyfjanefndar ÍSÍ.

„Við ráðum það meðal annars af þessum tölum frá tollinum og eins samtölum sem við höfum átt, meðal annars við lækna sem eru að fá fleiri tilfelli til sín þar sem steranotendur finna fyrir aukaverkunum,“ segir Skúli í samtali við Fréttablaðið.

Að hans sögn er baráttan gegn þessari þróun erfið, meðal annars vegna þess að refsingar eru vægar við brotum af þessu tagi, en flestum málum lýkur með dómssátt.


Þá takmarkist eftirlit (utan keppnisíþrótt) og forvarnir af fjárskorti og auk þess hefur ekki verið gengið frá því að hleypa nýrri sjálfstæðri lyfjastofnun af stökkunum.

„Við erum nú á fjárlögum og höfum fengið 12 milljónir á ári til að sinna eftirliti fyrir íþróttahreyfinguna. Það nægir hins vegar ekki til að keyra af stað nýja stofnun og auka umsvifin, hvort sem er með frekara samstarfi við líkamsræktarstöðvar eða fangelsin, eða þá að auka forvarnarstarf meðal ungmenna.“


thorgils@frettabladid.is

HALDLÖGÐ STERAEFNI HJÁ TOLLGÆSLUNNI


→ Ampúlur




→ Duft/g



→ Vökvi/ml



→ Töflur/st.



Sterar ekki í forgangi hjá lögreglu

Karl Steinar Valsson, aðstoðaryfir lögregluþjón hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir að þar á bæ hafi mál tengd notkun og sölu á sterum ekki verið í forgangi hjá þeim.


„Forgangsráðið markast annars vegar af því sem við teljum vera alvarlegustu brotin og hins vegar út frá refsipungdinni. Það eru ekki þungar refsingar í þessum steramálum þannig að við höfum fyrst og fremst tekið þau tilvok til tengjast fíkniefnamálum.“

Heimilis
GRJÓNAGRAUTUR

Alveg mátulegur

Veðurspá


Gildistími korta er um hádegi



TÍÐINDALÍTIÐ Það eru litlar breytingar í veðrinu þessa daga. Yfirleitt ríkja norðaustlægar áttir með úrkumulitlu veðri sunnan- og vestantil en snjókomu, slyddu eða eljum norðan- og austanlands.

Alicante 16°	Berlín 6°	Friedrichshafen 9°	Las Palmas 20°	New York -1°	París 7°
Áþena 18°	Billund 5°	Gautaborg 3°	London 6°	Orlando 23°	San Francisco 13°
Basel 5°	Frankfurt 5°	Kaupmannahöfn 3°	Mallorca 16°	Ósló 3°	Stokkhólmur 2°

Á morgun
Strekkingur á annesjum V- og N-til.



Miðvikudagur
10-15 m/s V-til, annars hægari vindur.

Soffía Sveinsdóttir
veðurfréttamaður

STOFN ENDUR- GREIÐSLA

Nú er gaman að vera hjá Sjóvá, því þessa dagana fá 21.288 tjónlausar og skilvísar fjölskyldur í vildarþjónustunni Stofni endurgreiddan hluta af iðgjöldum síðasta árs. Við erum stolt af því að vera eina tryggingafélagið sem umbunar viðskiptavinum sínum á þennan hátt.

Þú innleysir endurgreiðsluna á **Mínum síðum** á sjova.is

Vantar þig aðstoð?

Við erum við símann
mánudag og þriðjudag
kl. 8.30–21.00

440 2000

AF ÞVÍ AÐ LÍFIÐ ER SKEMMTILEGT



ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

SJÓVÁ

STOFN



VEISTU SVARIÐ?



1. Hversu margir íslenskir keppendur eru nú á Vetrarólympíuleikunum í Sotsjí?
2. Í hvaða hljómsveit er trommarinn Jón Geir Jóhannsson sem smíðar sín eigin trommuset?
3. Hvað heitir nýráðinn framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins?

SVÖR:

1. Fimm, 2. Skálhóld, 3. Þóður Þórhinnsson

Svisslendingar neyðast til þess að semja aftur um frjálst flæði vinnuafis eftir þjóðaratkvæðagreiðslu:

Takmarka fjölda innflytjenda enn frekar

SVISS Evrópusambandið sendi frá sér yfirlýsingu þar sem niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðsla um takmörkun innflytjenda í Sviss er hörmuð. Þá kalli niðurstaðan á endurskoðun á öllum samningum Sviss við Evrópusambandið. Rétt rúmlega helmingur kjósenda samþykkti að takmarka enn frekar flæði innflytjenda inn í landið.

Niðurstaðan leiðir til þess að stjórnvöld í Sviss þurfa að setjast niður að samningaborðinu með Evrópusambandinu og semja

aftur um frjálst flæði vinnuafis. Fyrir tveimur árum settu Svisslendingar kvóta á fjölda innflytjenda frá Mið- og Austur-Evrópu, sem kallaði á gagnrýni Sambandsins.

Tillagan kveður á um að stjórnvöld setji lög sem útvíkki innflytjendakvóta til fólks frá Vestur-Evrópu og setji takmarkanir á rétt útlendinga til þess að fá til sín fjölskyldumeðlimi eða aðgang að svissnesku velferðarkerfi.

Svo tillagan taki gildi þarf

svissneska þingið að samþykkja hana en svissneski þjóðarflokkurinn hafði beitt sér af krafti fyrir atkvæðagreiðslunni. Stuðningsmenn tillögunnar segja innflytjendur í landinu vera of marga en andstæðingar hennar telja innflytjendur hins vegar afar mikilvæga fyrir svissneskt atvinnulíf og hafa varað við því að efnahag landsins sé stefnt í hættu ef viðkvæmir samningar við Evrópusambandið þurfi að sæta endurskoðun.



ATKVÆÐI 50,3 prósent kjósenda vilja herða reglur um fjölda innflytjenda.



LANDIÐ SKOÐAÐ 6.545 fleiri Bretar komu í janúar í ár en í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Flestir komu frá Bretlandi: Ferðamönnum í janúar fjölga

FERÐAÞJÓNUSTA Um 46 þúsund erlendir ferðamenn fóru frá landinu í janúarmánuði samkvæmt talningum Ferðamálastofu. Þeim fjölgaði um 13.400 frá því í janúar 2013 og því var um 40,1 prósent fjölgun að ræða milli ára.

Bretar voru langfjölmennastir eða 35,5 prósent af heildarfjöldanum. Þar á eftir komu Bandaríkjamenn, Þjóðverjar, Norðmenn, Frakkar og Danir.

Árleg aukning í komu ferðamanna í janúar hefur að jafnaði verið 13,7 prósent frá árinu 2003.

- hg

Byssumenn myrða átta:

Átta ára stúlka meðal látinna

PAKISTAN Byssumenn myrtu átta í borginni Karachi í gær. Meðal látinna var átta ára stúlka og faðir hennar, að því er fram kemur í frétt BBC. Tólf til viðbótar særðust í árásinni.

„Sex byssumenn á þremur mót-orhjólum brutu sér leið inn í húsið og skutu á allt sem hreyfðist,“ sagði yfirmaður lögreglu í þessu hverfi Karachi við AFP fréttastofuna. Enginn hefur lýst ábyrgð á hendur sér.

- bj

VIÐSKIPTI Starfsmenn Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) sjá að lágmarki eitt dæmi á viku þar sem einstaklingur hefur óvitandi keypt bíl með áhvílandi veði. Slíkum málum hefur fjölgað á síðustu árum og í flestum tilvikum er um að ræða viðskipti með ódýra bíla án aðkomu bílasala.



RUNÓLFUR ÓLAFSSON

„Við sjáum því miður allt of mörg dæmi þar sem fólk er að lenda í svona málum og í sumum tilvikum er um háar fjárhæðir að ræða. Í rauninni kvikna engin viðvörðunarljós varðandi veðbönd þegar fólk skilar pappírnum um eigendaskipti inn. Það núturlega er að oft er erfitt að snúa hlutunum við því þegar búið er að ganga frá samningum þá tilheyrir veðið ökutækinu og í sumum tilvikum getur nýr eigandi ökutækis átt á hættu á að missa það upp í veðskuldina,“ segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB.

Samgöngustofa og fyrirtæki sem reka skoðunarstöðvar taka við tilkynningum um eigendaskipti en stofnunin veitir fyrirtækjunum upplýsingar um hvort veð séu áhvílandi. Samkvæmt upplýsingum Samgöngustofu eru kaupendur látnir vita þegar eigandi bifreiðar skuldar opinber gjöld og eigendaskipti ganga ekki í gegn fyrir en þau eru greidd. Kaupandanum er aftur á móti ekki gert grein fyrir öðrum áhvílandi skuldum nema hann óski sérstaklega eftir því.

Upplýsingar Samgöngustofu um



Á PLANINU Bílasalar eiga að athuga með veðbönd áður en bílakaup ganga í gegn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lýsing seldi 50 þúsund króna bíl með 1,2 milljóna veði

Árið 2006 seldi Lýsing hf. notaðan bíl í eigu fyrirtækisins fyrir 50 þúsund krónur. Í janúar síðastliðnum, um átta árum síðar, kom í ljós við tjonaskoðun að bíllinn hafði allan þann tíma borið veð upp á tólf hundruð þúsund krónur. Eiganda bílsins var ekki gerð grein fyrir veðinu áður en kaupin gengu í gegn.

Þór Jónsson, upplýsingafulltrúi Lýsingar, segir málið vera mistök og hann telur það eina slíka dæmið í sögu fyrirtækisins. „Þetta eru mistök.

áhvílandi veð eru takmarkaðar að því leyti að þær segja einungis til um hvort bifreið ber veðbönd eða ekki. Stofnunin getur því ekki veitt upplýsingar um uppruna veðsins eða upphæð þess. Til þess að fá þær upplýsingar þarf að leita til sýslumanna eða fjármálastofnana. Þetta

fyrirkomulag gagnrýnir Runólfur. „Það væri eðlilegast ef þeir sem sjá um eigendaskiptin ættu þessar upplýsingar og best væri ef almenningur gæti nálgast þær á auðveldan hátt. Eigendaskipti á markaði skipta tugum þúsunda á ári og þessum málum hefur fjölg-

að eftir að viðskipti með ökutæki breyttust þannig að gamlir og ódýrir bílar urðu vinsæl söluvara. Það er ótrúlega algengt að fólk gangi til þessara viðskipta eins og það sé að kaupa mjólk yfir borðið í Bónus,“ segir Runólfur.

haraldur@frettabladid.is

weber

Hágæða flísalím og fúga

DEITERMANN
TECHNOLOGY INSIDE



Weber.xerm.
850 BlueCom-
fort C2TE
kr. **2.790**



Weber.xerm.
BlueComfort
852 C2TE S1
kr. **3.990**



Weber.xerm.
BlueComfort
CE/TE S1
Xtra Flex
kr. **5.290**



Weber.Fug 870
Fúga 1-6 mm
CG1 5 kg
kr. **1.690**



Weber.Fug 880
Silicone
EC.1. plus
310 ml.
kr. **1.190**



Weber.tec 822 Rakakvoða
8 kg kr. **7.890**
24 kg kr. **19.990**

MÚRBÚÐARVERÐ

Látið fagmenn vinna verkin!

Reykjavík Kletthálsi 7. Opið má-fó kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið má-fó kl. 8-18



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

FRÍHAFNARDAGAR

**TAX
FREE**



**SNYRTIVÖRU
DAGAR**

SÍÐASTI SÉNS Í DAG!

AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*

AF ÖLLUM

SNYRTIVÖRUM

LOKADAGAR

70%

AFSLÁTTUR AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU Í FATNAÐI OG SKÓM

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfríð á kostnað Hagkaups.

Nemar í fjarnámi á Austurlandi leita fanga í öllum háskólum landsins og miklum fjölda námsgreina:

Tveir af þremur í fjarnáminu eru konur

MENNTAMÁL Tveir af hverjum þrem nemum í fjarnámi á Austurlandi eru konur. Þeir sækja nám við alla háskóla landsins.

Háskóla- og rannsóknasvið Austurbrúar hefur tekið saman þessar tölfraðilegu upplýsingar um nemendur í fjarnámi á Austurlandi. Alls eru 158 nemendur á skrá, þar af eru 66% konur. Þeir sækja nám við alla háskóla landsins og í fjölda greina; félagsvísindum, heilbrigðisvísindum, menntavísindum og raunvísindum.

Líðlega þriðjungur nemenda, eða 39%, eru þrítugir eða yngri, 31% er á milli 31 og 40 ára. Ungar konur eru langstærsti hluti nemenda, eða 27%, karlar dreifast jafnar á milli aldurshópanna.

Nokkuð skýr kynjaskipting er í námsvali, konur eru í 33% tilvika í námi í menntunar- og uppeldisfræðum. 25% karla eru í tækni- og verkfræðinámi og önnur 23% í viðskiptum.

Háskóla- og rannsóknasvið Austurbrúar stendur nú fyrir könnun meðal starfandi kennara á öllum skólastigum um vilja þeirra og þarfir er snerta símenntun, og á hvaða sviðum hennar er helst þörf.

Ef könnunin leiðir í ljós að á Austurlandi eru fjölmennir hópar með svipaðar óskir, hyggst sviðið leita til háskóla um úrræði fyrir þessa hópa í heimabyggð sem tilraunaverkefni um þjónustu við fagstéttir.



YFIR SKRUDDUM Ungar konur eru í miklum meirihluta þeirra sem stunda fjarnám á Austurlandi. MYND/AUSTURBRÚ

Atlantic Supergrid stofnað: Vilja fjármagna sæstrenginn

ORKUMÁL Breskur fjárfestir að nafni Edi Truell hefur samkvæmt frétt breska vikublaðsins The Sunday Times sett saman hóp alþjóðlegra fjárfesta sem eru reiðubúnir til að greiða kostnað við lagningu sæstrengs milli Íslands og Bretlands.

Truell segir í frétt sem birtist á vef blaðsins í gær að hann hafi stofnað félagið Atlantic Supergrid í kringum verkefnið. Að hans sögn eru alþjóðlegir lífeyrissjóðir á meðal fjárfestanna.

Matís og víetnamskur háskóli starfa náið saman:

Mikil þekking á sjávarútvegsfræðum

RANNSÓKNIR Matís og Nha Trang-háskólinn (NTU) í Víetnam hafa gert með sér samstarfssamning. Skólinn hefur byggt upp mikla þekkingu í rannsóknum og kennslu í sjávarútvegsfræðum og matvælafræði.

Samstarfssamningurinn er byggður á samningsdrögum sem Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna og NTU undirrituðu 30. maí 2013. Samningur Matís og Matvælafræðadeildar NTU kveður á um fimm ára samstarf (2013-2018).

Matvælafræðadeild NTU var komið á fót í Víetnam árið 1959. Deildin hefur á þessum rúmlega 50 árum útskrifað rúmlega 5.000 matvælafræðinga, rúmlega þúsund matvælafræð-

inga og fleiri hundruð tækni-lega sérfræðinga í sjávarútvegsfræðum og matvælafræði.

NTU er í samstarfi við yfir 300 fyrirtæki í Víetnam og framlag háskólans til þróunar matvælafræðislu í landinu er mikið.

Starfsmenn Matvælafræðadeildar NTU eru um 60 og þar af hafa 90% meistara- eða doktorsgráðu. Margir þeirra hafa hlotið menntun sína í Japan, Frakklandi, á Íslandi, í Noregi, Ástralíu, Rússlandi og víðar.

Nemendur við matvælafræðideildina eru nú rúmlega þrjú þúsund talsins. Þeir eru á öllum námsstigum, frá nemum í tækniþróun til doktorsnema.

- shá

Neikvæðust gagnvart þátttöku geðsjúkra

Þátttakendur rannsóknar reyndust neikvæðastir í garð geðsjúkra og þroskahaml- aðra þegar þeir voru spurðir út í atvinnuþátttöku fatlaðra. Konur eru jákvæðari. Í sömu rannsókn kom í ljós að tæpur helmingur öryrkja hefur ekkert við að vera.

VELFERÐARMÁL Íslendingar reynast neikvæðari gagnvart atvinnuþátttöku fólks með geðsjúkdóma eða þroskahömlun heldur en þátttöku blindra og heyrnarlausra. Fólk er almennt jákvæðast gagnvart atvinnuþátttöku hreyfihaml- aðra. Þetta kemur fram í rannsókn



GUÐBJÖRG ANDREA JÓNSDÓTTIR

sem Öryrkjabandalagið fékk Félagsstofnun Háskóla Íslands og Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum til að vinna. Rannsóknin, sem kannaði viðhorf fatlaðra, sveitarstjórnarmanna og almennings, leiddi í ljós að Íslendingar reynast ósáttari við tilhugsunina um að fólk með geðsjúkdóm eða þroskahömlun taki sæti á Alþingi, sinni umönnun barna, afgreiði í verslun eða starfi með þeim að félagsmálum heldur en blindir, heyrnarskertir eða hreyfihamlaðir.

„Það sem er mest áberandi er neikvætt viðhorf til þeirra sem eru með geðraskanir,“ segir Guðbjörg Andrea Jónsdóttir félagsfræðingur sem segir niðurstöðuna benda til þess að mestir fordómar séu gagnvart geðsjúkum og þroskaskertum.

Konur voru líklegri en karlar til þess að vera sáttar við atvinnuþátttöku fatlaðra. Guðbjörg segir það yfirleitt þannig að konur eru jákvæðari en karlar í garð minnihlutahópa. Þá voru yngstu og elstu hóparnir neikvæðastir og háskóla- menntaðir voru jákvæðari en svar-



ATVINNUPÁTTTAKA Þátttakendur í rannsókninni reyndust neikvæðari gagnvart því að geðsjúkir og þroskaskertir tækju sæti á Alþingi heldur en blindir, heyrnalausir og hreyfihamlaðir. MYND/GETTY.

Geðsjúkdómar algengasta orsök örorku

Geðraskanir eru algengasta ástæða fullrar örorku, eða í 37 prósent tilvika. Árið 2012 voru 10.057 konur og 6.797 karlar með örorkumat, samkvæmt vefsíðu Tryggingastofnunar. Hjá körlum eru geðraskanir algengastar en stoðkerfissjúkdómar hjá konum.

endur með grunn- eða framhalds- skólamenntun.

Í sömu rannsókn var könnuð virkni fólks með fötlun og öryrkja. Reyndist tæplega helmingur þátttakenda vera óvirkur, það er án atvinnu, ekki í dagþjónustu og ekki í atvinnuleit. „Við sjáum að yfir áttatíu prósent fólks með meðfæddar skerðingar eru í skipulegri virkni. Aðrir skerðingarhópar eru mun síður í skipulegri virkni yfir daginn,“ segir Rannveig Traustadóttir, forstöðumaður rannsóknarseturs í fötlunarfræðum.

Rúmlega fjórutíu prósent fólks

með geðsjúkdóma og sextíu prósent með stoðkerfissjúkdóma reyndust ekkert hafa við að vera á daginn. „Það er mikilvægt að leita ástæðna þess að svona stórir hópar hafa ekkert við að vera yfir daginn eða að kanna hvað þessir hópar eru að gera,“ segir Rannveig.

Rannveig segir örorkuna oft koma í veg fyrir virkni, en svo geti virkinn falist í öðru en því sem spurt var um. Þar sem meirihluti hópsins er konur yfir fimmtugu gæti önnur virkni, svo sem aðstoð við fjölskyldu, haft mikið vægi.

eva@frettabladid.is

Löður

Löður er með **rain-x** á allan bílinn

- Rain-X býður upp á fullkomna yfirborðsvörn
- Rain-X verndar bílinn, eykur útsýni og öryggi
- Hreinn bíll eyðir allt að 7% minna eldsneyti

Við erum á sex stöðum á höfuðborgarsvæðinu
www.lodur.is - Sími 544 4540

RENAULT KANGOO II, DÍSIL

Verð: **2.541.833** kr. án vsk. / 3.190.000 kr. m. vsk.
1,5 dísil – 90 hestöfl – Eyðsla 4,5 L/100 km*

- Rennihurð á báðum hliðum
- Útvarp með USB og AUX tengi
- Topplúga að aftan
- Handfrjáls simabúnaður
- Skilrúm með glugga
- Hæðarstilling á bílstjórasæti ásamt hitara
- Niðurfellanlegt farþegasæti
- Loftkæling (AC)



RENAULT – Í LIÐI MEÐ ATVINNUREKENDUM Í 100 ÁR.

Það er ekki að undra að Renault sé stærstur á sviði sendibíla í Evrópu. Eftir meira en 100 ár í bransanum vita þeir hjá Renault hvað skiptir máli þegar bíllinn er vinnustaðurinn þinn: áreiðanleiki, sveigjanleiki og ekki síst þægindi.

P FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU



www.renault.is

*Míðað við uppgæfnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

IBTGADW4101

TOPPA OG BITASETT.

41 stk. 1/4" toppar 4 - 14mm
Framlengingar
Skrall og bitar
Sterk plasttaska

5.900 m/vsk

Frábært verð



IBTGCAI094R

TOPPLYKLASETT 94 STK.

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

16.900 m/vsk

Fullt verð 25.231



IBTGCAI9601

VERKFÆRASETT 96 STK.

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lykklar, skrúfjárn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

22.900 m/vsk

Fullt verð 37.200




IBTGCAI130B

VERKFÆRASETT 130 STK.

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
fastir lykklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska

24.900 m/vsk

Fullt verð 37.900



IBTJGAI1801

BREMSUDÆLUPVINGA 18 STK.

Universal
Réttar og öfugar gengjur
Passar fyrir algengustu
bílategundir

9.900 m/vsk

Fullt verð 14.006

TILBOÐ



IBTGAAI5801

SKRÚFJÁRN OG BITASETT 58 STK.

Stjörnu og slétt.
Bitar, bitahaldarar
hosuklemmujárn og fl.
Sterk plasttaska


9.900 m/vsk

Fullt verð 14.685



HÖGGSKRÚFJÁRN

4.135 m/vsk



TOPPLYKLASETT

17 stk.

3.900 m/vsk



O-HRINGJASETT

394 stk.

4.153 m/vsk



SNITTSETT

40 stk.

9.900 m/vsk



283 STK - VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM

7 Skúffur
1/4", 3/8" og 1/2" topplyklastett
Fastir lykklar, sexkantar og skrúfjárn,
djúpir toppar, höggskrúfjárn, öfugggasett, slaghamar,
splittatangir, tangir, bitar og fl.
Sterkur vagn með lás

179.900 m/vsk

Okkar besta verð



Prófkjör sjálfstæðismanna: Ármann leiðir í Kópavogi

STJÓRNMÁL Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs, mun leiða lista sjálfstæðismanna í bænum í komandi sveitarstjórnarkosningum. Ármann hlaut 1.711 atkvæði í fyrsta sætið. Mótframbjóðandi hans, Margrét Friðriksdóttir, hafnaði í öðru sæti með 1.174 atkvæði í fyrsta til annað sæti.

Í öðrum prófkjörum flokksins hafnaði Gunnar Gíslason í fyrsta sæti á Akureyri, Haraldur Sverrisson í Mosfellsbæ, Daníel Jakobsson á Ísafirði og Hjálmar Hallgrímsson í Grindavík. - b4

Prófkjör Samfylkingarinnar: Hjálmar hafði þriðja sætið

STJÓRNMÁL Dagur B. Eggertsson, forseti borgarráðs, mun leiða lista Samfylkingarinnar í Reykjavík í sveitarstjórnarkosningunum í vor. Björk Vilhelmsdóttir mun skipa annað sæti listans. Enginn bauð sig fram á móti þeim í prófkjörunum.

Hjálmar Sveinsson, varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar, hafnaði í þriðja sæti listans, en Kristín Soffía Jónsdóttir hlaut fjórða sætið.

Ein breyting var gerð á listanum til að framfylgja reglum en ekki kom fram þegar úrslitin voru tilkynnt hver sú breyting var. Þó má vera ljóst að Kristín Soffía hefur færst upp um sæti en ekki kom fram hver hefði færst niður. - eh

Hermenn sjaldan dæmdir í fangelsi fyrir kynferðisbrot

Yfirmenn í bandaríska herafnanum virðast vinna gegn því að hermenn sem eru sekir um kynferðisbrot fái refsingu við hæfi. Rannsókn og saksókn á kynferðisbrotum bandarískra hermanna í Japan virðist ómarkviss.

JAPAN, AP Bandarískir hermenn á herstöðvum í Japan sem hafa verið dæmdir fyrir kynferðisbrot á síðustu árum hafa sjaldan verið dæmdir í fangelsi, samkvæmt skjölum frá bandaríska varnarmálaráðuneytinu.

Í 30 málum af þeim rúmlega 1.000 sem fjallað er um í skjölum sem AP-fréttaveitan fékk í hendur nýlega þótti duga að áminna formlega hermenn sem reyndust sekir um kynferðisbrot. Málin eru frá árunum 2005 til 2013.

Skjölín sýna að rannsókn og saksókn innan bandaríska flotans var ómarkviss. Þar virtist miklu skipta að yfirmenn hafa heimild til að taka fram fyrir hendurnar á rannsakendum og ákveða að fella niður rannsóknir eða breyta ákæruefnum.

Í tilvikum þar sem lítil vafi virtist á sekt hermanna voru ákæruefnin í mörgum tilvikum léttvægari en efni stóðu til. Í tveimur tilvikum voru menn sakaðir um nauðgun, en í stað þess að fara að tilmælum rannsakenda um að ákæra mennina ákváðu yfirmenn þeirra að láta mál þeirra niður falla.

Í þeim tilvikum sem þeir, sem frömdu kynferðisbrot, voru sóttir til saka var ekki gefið að þeir þyrftu að afplána dóm í fangelsi. Refsingar tæplega 250 eru tilteknar í skjölum varnarmálaráðuneyt-

isins. Af þeim afplánaði um þriðjungur dóm í fangelsi.

Lítið samræmi virðist vera í refsingum hermanna fyrir sambærileg brot. Í tveimur mjög líkum tilvikum var það niðurstaða flotans að hermenn hefðu misnotað fórnarlömb sín kynferðislega eftir að hafa drukkið ótæpilega. Sá seki í öðru tilvikinu var dæmdur í sex ára fangelsi. Refsing hins mannsins var að hann fékk ekki að yfirgefa herstöðina í 30 daga.

Fórnarlömb hermanna virtust missa trú á rannsakendum flotans eftir því sem á leið. Árið 2006 neituðu 13 fórnarlömb að aðstoða rannsakendum, en 28 árið 2012.

Þessi gögn styrkja málstað þeirra sem vilja að heimildir yfirmanna í bandaríska herafnanum til að hlutast til um rannsókn á þeirra undirmönnum verði felldar niður.

„Hversu margar nauðganir þurfum við að umbera þangað til við komumst að niðurstöðu um nauðsynlegar breytingar?“ segir Kirsten Gillibrand, bandarískur öldungadeildarþingmaður sem á sæti í hermálanefnd öldungadeildarinnar.

Gillibrand vinnur nú að frumvarpi sem fellir niður þessa heimild yfirmanna til að hlutast til um rannsóknir. Æðstu yfirmenn bandaríska herafnans eru á móti því að lögum verði breytt með þeim hætti.

brjann@frettabladid.is



MÓTMÆLI Mikil andstaða hefur verið við staðsetningu bandarískrar flotastöðvar á Okinawa-eyju í Japan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sífelt hærra hlutfall fer fyrir dóm

Samkvæmt upplýsingum frá bandaríska varnarmálaráðuneytinu enda sífellt fleiri mál sem upp koma innan herafnans með saksókn. Árið 2009 voru grunaðir hermenn sóttir til saka í 42 prósentum tilvika, en í 68 prósentum tilvika árið 2012. Árið 2012 voru 238 hermenn sakfelldir fyrir kynferðisbrot. Af þeim fengu 74 prósent fangelsisdóma.

Þetta virðist ekki endurspeglast í tölunum frá Japan. Af 473 alvarlegum kynferðisbrotum á bandarískum flotastöðvum þar í landi á síðustu níu árum endaði tæpur fjórðungur fyrir dómi.

Rúmlega 70 kjarrelda loga í Suðaustur-Ástralíu: Ógna litlum bæjum í nágrenni Melbourne

ÁSTRALÍA, AP Tugir kjarrelda loga í Suðaustur-Ástralíu og hefur slökkviliðsmönnum lítið gengið að ráða niðurlögum þeirra. Eldarnir, sem eru rúmlega 70 talsins samkvæmt nýjustu talningu, ógna litlum bæjum í nágrenni Melbourne, sem er önnur stærsta borg Ástralíu.

Íbúar í bæjum á svæðinu hafa þurft að yfirgefa heimili sín.

Einhver heimili hafa orðið eldinum að bráð, en ekki hefur verið tekið saman hversu mörg hús hafa brunnið. Enginn hefur farist í eldunum, en einn slökkviliðsmaður slasaðist þegar tré féll á hann.

Eldarnir eru sagðir þeir mestu síðan árið 2009. Þá fórust 173 og meira en 2.000 heimili brunnu. - bj



ELDAR Einn slökkviliðsmaður slasaðist í baráttu við eldana þegar tré féll ofan á hann. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

NICOTINELL FRUIT er ódýrara!

Gildir fyrir allar pakkningastærðir
og styrkleika af Nicotinell Fruit

**15%
AFSLÁTTUR**



Apótekarinn+
byf á lægra verði

Nú fylgja 2 frítt með

Bættu LGG+ við daglegan morgunverð
fjölskyldunnar og styrktu ónæmiskerfið.



Ein á dag
Fyrir fulla virkni

Eiginleikar LGG+

- + stuðlar að vellíðan
- + styrkir varnir líkamans
- + bætir meltinguna og kemur jafnvægi á hana
- + eykur mótstöðuafli
- + hentar fólki á öllum aldri
- + er bragðgóð næring



Þú getur lesið meira um LGG+ á
ms.is/lgg

Regnbogabörn lögð niður:

Ætla að skila styrkjumum



STEFÁN KARL STEFÁNSSON

FÉLAGSMÁL Forsvarsmenn samtakanna Regnbogabarna, sem hafa beitt sér gegn einelti, hafa ákveðið að leggja samtökin niður. Styrkjum sem samtök in hafa fengið verður skilað og Regnbogabörn gerð upp.

Í yfirlýsingu sem Stefán Karl Stefánsson, formaður og stofnandi samtakanna, birtir á Facebook-síðu Regnbogabarna segir að ekki verði komist hjá þessari ákvörðun sökum fjármagns-skorts og annarra ástæðna. Búast megi við yfirlýsingu til fjölmiðla á næstu dögum. Regnbogabörn voru rekin í 12 ár.

- eh



SKIPIÐ Hafrannsóknastofnun hefur þurft að skera niður. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Bjarna Sæmundssyni lagt:

Áhöfnin gæti misst vinnuna

SJÁVARÚTVEGUR Bjarna Sæmundssyni, rannsóknaskipi Hafrannsóknastofnunar, verður lagt í byrjun sumars og öll áhöfn skipsins mun missa vinnuna. Stjórnendur stofnunarinnar tilkynntu áhöfninni þetta fyrir síðustu helgi.

Egon Marcher, trúnaðarmaður áhafnarinnar, segir það ekki koma í ljós fyrir en um næstu mánaðamót hver mörgum verður sagt upp eða hvort hluti áhafnarinnar verði færður til í starfi. Hann segir að uppsagnirnar muni koma sér mjög illa fyrir þann hluta sem eigi stutt í starfslok.

- eh

Vopnahlé rofið í Homs:

Hundruð flúðu umsetna borg

SÝRLAND Sex hundruð manns flúðu borgina Homs í Sýrlandi í gegnum kúlnahríð og sprengjuregn á meðan á þriggja daga vopnahléi stóð.

Uppreisnarmenn hafa hluta borgarinnar á valdi sínu en herlið hlíðhollt Assad Sýrlandsforseta hefur haldið borginni í herkví í meira en ár.

Samið var um vopnahlé til að hleypa konum, börnum og gamlimum frá borginni og til að flytja inn mat og aðrar nauðsynjavörur. Ekki hefur fengist staðfest hver ber ábyrgð á ofbeldinu, en fjöldi manns særðist á flóttanum.

- ue

Lögmenn gagnrýna dóm:

Skapar óvissu í sakamállum

DÓMSMÁL Lögmannafélag Íslands telur að eyða þurfi réttaróvissu sem komin er upp í kjölfar niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í svonefndu Al-Thani-máli.

Dómurinn finnur að því að fjögur vitni í málinu hafi átt fund með verjendum ákærðu, Hreiðars Más Sigurðssonar og Ólafs Ólafssonar, og kynnt sér gögn málsins. Farið hafi verið á svig við lög og trúverðugleiki vitna rýrður.

Lögmannafélagið telur niðurstöðu dómsins vega að grundvallarreglu um réttláta málsmeðferð og jafnræði málsaðila. Þá geti hún haft áhrif á önnur sakamál.

- eb

Undirbúningur fyrir þingkosningar í Bandaríkjunum í haust er að komast á fulla ferð:

Demókratar enn með mikið tækniforskot

BANDARÍKIN Repúblikanaflokkurinn á ennþá langt í land með að ná demókrötum hvað varðar upplýsinga- og gagnaöflun um bandaríska kjósendur. Þess háttar upplýsingar nýta flokkarnir sér til að gera kosningabaráttu sína markvissari og hagkvæmari.

Þingkosningar fara fram í Bandaríkjunum í haust, en í úttekt Reuters er haft eftir sérfræðingum á þessu sviði að klofningur innan hóps repúblikana komi í veg fyrir samstillt átak. Annars vegar hefur

flokkurinn á landsvísu varið tugum milljóna dala í að bæta vinnubrögð við öflun og meðferð gagna, en hins vegar eru öflugir þrýstihópar í íhaldssamari armi flokksins með sín eigin teymi.

Sigur Baracks Obama í síðustu forsetakosningum var að stórum hluta rekinn til gagnateymis framboðsins sem náði að kortleggja með ofurnákvæmum hætti þá kjósendur sem voru líklegir til að kjósa demókrata. Á þeim grundvelli varð baráttan hnitmiðaðri og minni líkur á

því að fjármunum væri illa varið.

Síðan þá hefur kosningamaskína demókrata notið góðs gengis í kosningum til ríkisstjóra, borgarstjóra og aukakosningum til þings.

Stóri bardaginn í haust mun standa um öldungadeildina, og mun tæknin sennilega skipta mestu í tvísýnustu kosningunum þar.

Repúblikanar eru þó sagðir vona að þessar kosningar verði í það minnsta upptakturinn að öflugum gagnasöfnunaráttaki fyrir forsetakosningarnar eftir tvö ár.

- þj



KJÖRKASSAR Demókratar þykja enn hafa mikið forskot á repúblikana varðandi söfnun og nýtingu á gögnum um hugsanlega kjósendur. NORDICPHOTOS/AFP

„Nú opnast ný tækifæri í séreignarsparnaði“

Jón L. Árnason
rekstrarstjóri Lífeyrisauka

FRÆÐSLUFUNDUR UM SÉREIGNARSPARNAÐ

í Arion banka, Borgartúni 19, þriðjudaginn 11. febrúar kl. 17.30

Á fundinum verður fjallað um kosti séreignarsparnaðar, séreignarsjóðinn Lífeyrisauka og þjónustu Arion banka við sjóðfélaga. Auk þess verður fjallað um þau áform ríkisstjórnarinnar að heimila greiðslu viðbótarlífeyrissparnaðar skattfrjálst inn á höfuðstól húsnæðislána eða inn á sérstaka húsnæðis-sparnaðarreikninga.

Lífeyrisauki er stærsti og fjölmennasti séreignarsjóður á Íslandi, af þeim sem eingöngu taka við viðbótarlífeyrissparnaði. Sjóðurinn er öllum opin.

Fyrirlesari er **Jón L. Árnason, rekstrarstjóri Lífeyrisauka.**

Fundurinn stendur yfir í rúmlega klukkustund. Léttar kaffiveitingar í boði. Ráðgjafar verða á staðnum til aðstoðar, fyrir og eftir fund.

Allir velkomnir

Arion banki



3 TYRKLAND Mótmælandi í Tyrklandi miðar á lögreglu með teygjubyssu. Yfir tvö þúsund manns mótmæltu nýrri internetlöggefning sem þykir setja tjáningarfrelsi í Tyrklandi skorður. Lögreglan sundraði mótmælendahópnum með vatnsbyssum og tárugasí.



1 FLÓÐ Vatn flæðir um stræti í bænum Guipry í Vestur-Frakklandi eftir að áin La Vilaine flæddi yfir bakka sína.



4 JAPAN Stuðningsmaður Morihiro Hosokawa grætur eftir að niðurstöður kosninga til borgarstjóraembættis í Tókýó voru tilkynntar.



2 DÝR Alheilbrigðisur gíraffi var aflífaður í dýragarðinum í Kaupmannahöfn til að koma í veg fyrir innræktun á gíraffastofninum í garðinum.



ÁSTAND HEIMSINS

Félagsráðgjafaföng

Miðvikudag 19. febrúar 2014 á Hilton Reykavík Nordica

Í tilefni 50 ára afmælis Félagsráðgjafafélags Íslands, og til heiðurs Dr. Sigrúnu Júlíusdóttur prófessors og frumkvöðuls í félagsráðgjöf, sem fagnar 70 ára afmæli sínu í febrúar.

Pátttökugjald er 13.500 kr. Skráning á www.felagsradgjof.is

DAGSKRÁ

Ráðstefnustjóri: Lára Björnsdóttir, félagsráðgjafi MA

8:10-8:40	Móttaka og skráning				
8:40-8:50	Setning María Rúnarsdóttir formaður Félagsráðgjafafélags Íslands				
8:50-9:10	Ávarp Eygló Harðardóttir félags- og húsnæðismálaráðherra				
9:10-10:00	The Contribution of Feminism to Social Work: Past, Present and Future Dr. Vivienne Cree félagsráðgjafi og prófessor við Edinborgarháskóla				
Lota 1:	Stofa: I	Stofa: H	Stofa: F	Stofa: E	Stofa: D
10:30-12:00	Fjölskyldur og barneignir	Barnavernd	Skólafélagsráðgjöf: Askoranir og tækifæri	Endurhæfing, áfengis- og vímuefnamat	Öldrunarþjónusta: Auðlindir notandans
12:50-13:00	Ávarp Dr. Kristín Ingólfssdóttir rektor Háskóla Íslands				
13:00-13:40	Félagsráðgjafinn og fræðimaðurinn Dr. Sigrún Júlíusdóttir prófessor Dr. Steinunn Hrafnisdóttir deildarforseti Félagsráðgjafardeildar Bjarney Kristjánsdóttir félagsráðgjafi				
Lota 2:	Stofa: I	Stofa: H	Stofa: F	Stofa: E	Stofa: D
13:45-15:15	Fjölskyldu-meðferð	Félagsráðgjöf á 21. öldinni	Hlutverk félagsráðgjafar og hamfarir	Velferð barna	Fagþróun og aðferðir
Lota 3:	Stofa: I	Stofa: H	Stofa: F	Stofa: E	Stofa: D
15:45-16:45	Orfæði í fjölskyldum	Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga	Áskoranir og áherslur í þjónustu við fatlað fólk	Starfsþjálfun	Félagsráðgjöf án landamæra: Menningarnæm félagsráðgjöf
16:45-17:00	Samantekt og þingslit Lára Björnsdóttir ráðstefnustjóri				
17:00-19:00	50 ára afmæli Félagsráðgjafafélags Íslands				



HJÁ AÐALSKOÐUN ER BÍLLINN Í GÓÐUM HÖNDUM VERIÐ VELKOMIN Í SKEIFUNNA



ER KOMINN TÍMI Á SKOÐUN?

Paulreyndir fagmenn taka vel á móti þér þegar þú lætur skoða bílinn þinn hjá Aðalskoðun. Hlökkum til að sjá þig, það er alltaf heitt á könnunni.

Opið kl. 8-17 virka daga – sími 590 6900



Aðalskoðun, faggiltur skoðunaraðili í 19 ár

 **Aðalskoðun**

Reykjavík
Grjóthálsi 10
Sími 590 6940

Reykjavík
Skeifunni 5
Sími 590 6930

Hafnarfjörður
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

Kópavogur
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 590 6935

Reykjanesbær
Holtsgötu 52
(við Njarðarbraut)
Sími 590 6970

www.adalskodun.is og www.adal.is

Greina þarf orsök frá afleiðingu:

Vit eða strit?

Hér á landi verður pólitísk umræða illa slitin frá umræðu um efnahagsmál. Einna hæst ber umræðu um verðbólgu, verðtryggingu og framtíðarskipan gjalddeyrismála.

Fjármálaráðherra lýsti í Sjónvarpinu um helgina þeirri skoðun að hér ættum við að stýra öllum okkar málum sjálf, þar á meðal krónunni. Einungis þyrfti að innleiða betri stjórn efnahagsmála en verið hafi. Þar hræða spörin.

Hitt er náttúrulega hárrétt að efnahagsstjórnin þarf að vera betri. Fjármálaframtækjum þarf að setja skorður svo að þau setji ekki landið á hliðina (aftur). Fjárhagsáætlanagerð ríkisins þarf að setja útbenslu- ramma (líkt og þegar hefur verið innleiddur hjá sveitar-

félögum). Fyrirmyndirnar að vinnulagi (og stuðningur) til að ná þessum markmiðum er hjá Evrópusambandinu.

Og erlendar skuldir ríkisins (og þjóðar) þarf að trappa niður þannig að undir þeim verði staðið með góðu móti og halli ekki á trúverðuleika rekstrarins, með tilheyrandi áhættuvaxtaálagi.

Hvað sem veldur virðist tilhneiging stjórnmalamanna hins vegar fremur í þá átt að takast á við afleiðingar vandans en að ráðast að rót hans. Er þar nærtækast að líta til umræðunnar um „afnám verðtryggingar“. Verði verðtrygging afnumin með lögum þá kemur bara vaxtaokur í staðinn til að tryggja þeim sem lána rentur af peningum sínum.

Nú síðast speglast vantrú fólks á að hér verði efnahagsstjórnin í lagi á viðtökur kjarasamninga sem hafa það að yfirlýstu markmiði að taka á verðbólgu. Fólk treystir því ekki að hér verði komið á verðstöðugleika sama hversu lág laun er samið um. Samningarnir eru þó tilraunarinnar virði, þrátt fyrir að verðlag virðist fremur stýrast af hlutum sem ekki verður ráðið við innanlands með launastefnu og vaxtahækkunum Seðlabankans. Þannig speglast hrávöru- og olíuverð í útlöndum sjálfkrafa inn í öll kjör hér á landi og ýkir sveiflur í gegn um verðtrygginguna.

Í nýlegri grein Magnúsar Bjarnasonar, doktors í stjórnmálahagfræði, í efnahagsritinu Vísbendingu bendir hann á að sé horft til langtímaþróunar verðbólgu (til að jafna út áhrif efnahagsveiflna), svo sem árána 2002 til 2013, sýni tölurnar 95 prósentu verðbólgu á Íslandi og 28 prósent á evrusvæðinu. „Ekki er hlaupið að afnámi verðtryggingar nema með því að fjarlægja verðbólgu jafnframt,“ segir hann í grein sinni.

Líkt og margoft hefur verið bent á er krónan sjálfstæður verðbólguvaldur, örmynt sem illa er treyst og rýrir lána- kjör lands og fyrirtækja sem hér eru starfandi. Þegar krónan veikist hækka vörur í verði og þegar hún styrkist þá lækka þær ekki aftur.

„Ef Íslendingar vilja ekki ganga í Evrópusambandið og láta Seðlabanka Evrópu hjálpa sér að hemja verðbólgu í framtíðinni með því að taka upp evru – því sumir telja Ísland stórveldi – þá verður róðurinn erfiður,“ segir Magnús Bjarnason líka í grein sinni og hefur líkast til rétt fyrir sér.

Betur vinnur vit en strit, segir máltækið. Furðu margir virðast samt fremur vilja strita með krónunni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRNAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FYRIRTÆKI TIL SÖLU

Heilsuvernd og forvarnir á fyrirtækjamarkaði

Sérhæft þjónustufyrirtæki í heilsuefningu/efirliti sem starfar á fyrirtækjamarkaði. Áralöng þekking og reynsla til staðar ásamt skilvirkum verkferlum. Tilvalið fyrir tvo samhenta einstaklinga. **Verð: 9 m.**

Fótaaðgerða-, snyrti- og nuddstofa

Glæsileg og sérstaklega vel tækjum búin stofa, með sex herbergjum, sem starfrækt hefur verið í 15 ár. Mikil viðskiptavild og möguleikar á auknum umsvifum til staðar. **Verð: 7 m.**

Lítill blaðaútgáfa

Útgáfa á þræuta- og fjölskyldublöðum sem hefur markaðsráðandi stöðu. Mikil dreifing. Góður tækjakostur og ágætur lager er innifalinn í kaupverði. Einfaldur rekstur sem krefst enngar sérþekkingar. **Verð: 8 m.**

Kjötvinnsla á Suðurlandi

Ein mest verðlaunaða kjötvinnsla landsins sem er annáluð fyrir úrvals vörur. Eigin húsnæði. Mikil þekking og frábærar uppskriftir til staðar. Góður tækjakostur og aukin framleiðslugeta til staðar. **Verð: 60 m.**

Verslunarhúsnæði í miðbænum til leigu - 110 m²

Eitt glæsilegasta verslunarhúsnæðið í miðborginni til leigu. Leigist eingöngu undir sérverslun. Fastar innréttingar til staðar. **Verð: 380 þús.**

Fyrirtækjasalan Suðurver, Lækjartorgi - Stofnuð 1987 - Sími: 516-0000 & -01 Guðrún Hulda Ólafsdóttir hdl. - www.fyrirtaeki.is - fyrirtaeki@fyrirtaeki.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ólæsir karlar

Ingvi Hrafn Jónsson lýsti áhyggjum sínum af framtíð íslenskra karla í þættinum Sunnudagsmorgni. Hann fullyrkti að konur væru ráðnar í sjötíu prósent tilvika bæði í einkageiranum og hjá hinu opinbera. Þá væru konur í meirihluta stúdenta í háskólanámi. Dróg hann þá ályktun við værum skapa samfélag þar sem ómenntaðir og ólæsir karlar vinna hjá hámenntuðum konum. Nú er staðreyndin hins vegar sú að aðeins 29 konur voru framkvæmdastjórnar eða forstjórnar 300 stærstu fyrirtækja landsins

árið 2013, eða 10 prósent. Ef menn eru annað borð að draga ályktunir væri kannski nær að segja að stjórnendur fyrirtækja séu í auknum mæli ómenntaðir og illa læsir karlar. Eða hvað?

Trefillinn látinn duga?


Ekkert hefur spurst af mótmælum íslenskra ráðamanna í Sotsj gegn mannréttindabrotum í Rússlandi. Á heimasíðu forsetans er þess getið í framhjálaupi að forsetinn hafi mætt

í móttöku forseti Rússlands. Fréttamyndir frá viðburðinum sýndu hins vegar forsetann taka í spaðann á Pútín og ræða við hann nokkra stund. Ætli hann hafi lumað að honum að nokkrum vel völdum orðum um mikilvægi réttinda samkynhneigðra? Þá náðist kátur menntamálaráðherra á mynd með regnbogalitan trefil.

Hönnunarteymi Ólympíuleikanna hefur reyndar séð við slíkum hljóðlátum mótmælum með afar litskrúðugum einkennisklæðnaði leikanna, en ekkert hefur spurst af því hvort mótmælin hafi verið færð í orð. Ætli trefill verði látinn duga sem svar Íslands við mannréttindabrotum Rússa? eva@frettabladid.is



HALLDÓR



Trúmál í skólum

TRÚMÁL



Örn Bárður Jónsson sóknarprestur

Nýlega vakti athygli mína grein í stórblaðinu New York Times um skólamáli í Þýskalandi. Þar segir meðal annars:

Í fyrsta sinn bjóða þýskir skólar nú upp á kennslu um íslam handa nemendum í fyrstu bekkjum grunnskóla þar sem kennarar á vegum ríkisins fræða úr námsbókum sem til þess eru sérstaklega ritaðar. Þannig reyna opinberir aðilar að aðlaga hinn stóra minnihlutahóp sem múslimar eru og hamlar gegn áhrifum róttækra trúarhugmynda. (Þýð. höf.)

Þjóðverjum er líklega ljóst að trúin er stærri hluti af lífi fólks en oft er talið hér á landi. Trúin verður ekki rekin inn í réttir lífslífsins, inn á vettvang einkamála og þaðan af síður einangruð í gettóm sértrúar eða sektarianisma. Trúin skal rædd á hinum opinbera vettvangi. Þannig virðast Þjóðverjar hugsa.

Námskrá skóla í Hesse leggur að jöfnu fræðslu um íslam og kennslu í síðabodskap mótmælenda og kaþólskra. Með þessu vill ríkið stuðla að skilningi nemenda á trúarhefðum herra annarra og „bólusetja“ þá fyrir ófgafengnum skoðunum á sama tíma og trú hvers og eins er viðurkennd af ríkinu.

Í þýsku stjórnarskránni er foreldrum

→ Trúin verður ekki rekin inn í réttir lífslífsins, inn á vettvang einkamála og þaðan af síður einangruð í gettóm sértrúar eða sektarianisma. Trúin skal rædd á hinum opinbera vettvangi. Þannig virðast Þjóðverjar hugsa.

tryggður rétturinn til þess að börn þeirra fái fræðslu í þeirri trú sem fjölskyldan játar.

Hér á landi er langstærstur hluti barna skírður ár hvert til kristinnar trúar og þau börn ættu að fá fræðslu um sína trú – feimnislaust og af fullri einurð og án afsakana kennara – og þá með biblíusögum, sálmásöng, bænum og öllu sem tilheyrir. Börn annarrar trúar ættu að sjálfsgöðu að hafa sama rétt.

Við getum án efa lært af þeim sem eru lengra komin í umræðunni um þátt trúar í menningunni og mikilvægi trúarbragða við mótun gildagrúns einstaklinga og þjóða.

Sáttmálinn sem var rofinn

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Við höldum að samfélagið væri sáttmáli. Við stóðum í þeirri trú að hóparnir í samfélaginu kæmu sér saman um tilteknar grundvallarreglur í samskiptum sínum og aðferðir við að semja um sanngjarna og skynsamlega dreifingu þeirra gæða sem til eru, og markmiðið væri að skapa réttlátt, opið, vítt, frjálst, skilvirkt og skemmtilegt samfélag þar sem ólíkir einstaklingar fá notið hæfileika sinna hver á sínu sviði. En þetta er náttúrulega ekkert þannig. Við búum í frekjusamfélagi.

Launaskrið

Þjóðarsáttin á sínum tíma – og kjarasamningar æ síðan – snerist um að afnema verðtryggingu á launum en halda henni á lánnum. Væðingunni kaupgjalds og verðlags var stöðvuð með því að hætta að hækka kaupði til jafns við hækkingu verðlags. Verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur tóku að sér að semja um laun útlendinga og opinberra starfsmanna – sem eru nokkurn veginn eina fólkið sem fær greitt samkvæmt töxtum hér á landi.

Eftir að hætt var að nota samtakamátt alþýðusamtaka og verkfallsvopnið var sett inn í skáp til þess að rykfalla þar var það eftirlátið atvinnurekendum á hverjum stað og einstaklingunum sem hjá þeim vinna hverju sinni, að semja

um kaup og kjör. Við tók svokallað launaskrið. Það er að segja: hver og einn þarf að skrifa eftir sínum launahækkunum, sé viðkomandi ekki í stöðu til að semja við sjálfa(n) sig, vini og félagi um þær. Mestu kauphækkarnar fóru til þeirra sem voru í bestri aðstöðu til að semja um – eða hreinlega skammta sér – laun, og undir hælinn lagt hvernig sambandi verðmætasköpunar og launa var háttað hverju sinni; nema við vitum að því hærra sem við förum í flestum fyrirtækjum, þeim mun minni þörf er fyrir viðkomandi í starfsemi fyrirtækisins – minnst fyrir forstjóran.

Ágætur bloggari, Andri Geir Arinbjarnarson, benti á það nýlega að launamunur sé að verða með mesta móti á Íslandi, í samamburði við önnur lönd. Lægstu laun eru hér um 214.000 krónur á mánuði en harðsæknustu forstjórnarnir – þeir frekustu – eru sagðir komnir með um fimm milljónir á mánuði. Þetta hlutfall er 1:23 en nýlega var kosið um það í Sviss hvort eigi að löggeiða að munurinn á hæstu og lægstu launum skuli aldrei vera meiri en 1:12.

Með aukinni stéttaskiptingu fáum við samfélag sem er óréttlátara en það sem fyrir var, óskilvirkara, óskynsamlegra – og leiðinlegra á alla lund. Ekki þarf að hafa mörg orð um skaðsemi þess að alast upp við fátækt en enginn hefur gott af því heldur að fá of mikinn auð of auðveldlega – og hvað þá að alast upp við mikið ríkidæmi þar sem ekkert þarf að hafa fyrir neinu. Slíkt er bara framleiðsla á frekjum og landeyðum.

Hinn óstaðfesti sáttmáli

En við höldum að hér væri einhvers konar lausbeislaður sáttmáli, ekki kannski beinlínis orðaður neins staðar og ekki bundinn í lagabókstaf, ekki einu sinni stjórnarskrá, og snerist um sameiginlegan skilning okkar sem búum hér og teljum okkur eina þjóð: að við ættum eitt og annað sameiginlegt, menningarar, tungumál, auðlindir í náttúru og hugviti – vissar hugmyndir um mannkosti og æskilega hegðun; vissa ósiði í arf og bresti, drykkjuósiði, vandanmat, mögnuð ljóð, þjóðtrú, jafn- aðarmennsku, landlæga andúð á merkikertum og dálæti á sérvitringum.

Æ oftast leitast á mann nagandi tilfinning um að einhver staðar, einhvern tímann og einhvern veginn, hafi sáttmálinn verið rofinn – kannski í Stóru Bólu – og nýr hafi ekki verið gerður heldur ríki nú glundroði, þar sem hver keppist við að toga til sín sitt, með því að útmála hlutskipti sitt sem átakanlegast – en umfram allt: frekjurnar fá mest.

Til að bærilegra sé að búa í samfélagi við aðra þarf að ríka upp að vissu marki einhver slíkur ósagður skilningur – að sjálf-sögðu með öllum fyrirvörum um skýlausan rétt hinna sérlund- uðu til að skila sem allra flestum sérálitum í sem allra flestum málum. En meðal þess sem talið var íslensku samfélagi til tekna hér í eina tíð var að hér lá um hríð í loftinu viss hugmynd um jafnræði fólks, samgang ólíkra stétta (þannig var það á mínum bernskuslóðum þar sem iðnadamenn, verkafólk, listamenn, for-

Ekki þarf að hafa mörg orð um skaðsemi þess að alast upp við fátækt en enginn hefur gott af því heldur að fá of mikinn auð of auðveldlega.

stjórar og vísindamenn bjuggu í einni hrúgu); hér var stéttaflökt sem var svolítið skemmtilegt. Eftir því sem launamunurinn eykst hér verður slíkt erfiðara viðfangs, samfélagið verður niðurnjörvaðra og dýnamíkin hverfur úr því.

Nú er svo komið að vel menntað fólki, í starfi hjá ríki eða sveitarfélögum, hefur dregist svo mjög aftur úr í launum og starfskjörum – heilbrigðisstarfsfólk, kennarar, slíkar stéttir – að hún verður sífellt þrasæknari sú tilfinning meðal þessa fólks, að of lengi hafi það verið blekk. Of lengi hafi hvílt á herðum þess eins að halda verðbólgunni í skefjum og ríkissjóði réttum megin við núllið í rekstri sínum. Það hefur horft upp á skattalækkunarir til hinna ríku, lækkun veiðigjalds til útgerðarmannanna, verðvernd stjórnvalda sem lýsir sér í því að hátt verð á matvælum og öðrum nauðsynjum er verndað en algjört tómlæti ríkir um rétt neytandans. Og svo framvegis. Þess vegna verða samningar svo erfiðir núna við opinbera starfsmenn á borð við kennara.

Sáttmálinn órðaði hefur verið rofinn. Og það var ekki þetta fólk sem rauf hann.

AF NETINU

Hliðverðir valdsins



Það eru tveir þættir um samfélagsmál í sjónvarpinu á sunnudögum. Og í báðum þeirra er fjallað sérstaklega um

fréttir vikunnar með gestum þáttarins.

Öðrum þættinum stýrir fyrrum stjórnmálamaður sem er samflokksmaður og fyrrum samstarfsfélagi innanríkisráðherra til fjölda ára úr borgarstjórnarpólitíkinni.

Hinum þættinum stýrir ritstjóri Fréttablaðsins sem er meðvirkur gerandi eða leik-soppur í lekamálinu en sá miðill hefur lítið sem ekkert fjallað um málið sem slíkt síðan það birta skjalið sem leikið var.

Í báðum þáttum dagsins var ekki minnst aukateknu orði á eina af stærri fréttum vikunnar þ.e. að hafin væri lögreglurannsókn á lekamálinu úr innanríkisráðuneytinu.

Og með því að sneiða framhjá umfjöllun með þögninni þá hafa báðir fjölmiðlamennirnir gerst sekir um að vera óvitandi eða vitandi vits orðnir að hliðverðum valdsins í stað þess að vera fjórða valdið sem veitir valdhöfum aðhald.

Slíkt getur varla talist eðlilegt nema kannski í Rússlandi, Kína og teboði Kanans.

Auk Íslands.

<http://www.dv.is/blogg/ak-72>

Agnar Kristján Þorsteinsson

Sýningarpottar og útlitsgallaðir

20-70%
AFSLÁTTUR

Dagana 10. - 14. febrúar

Einangruð lok

20%
afsláttur

Ýmsar smávörur

frá 15%
afsláttur

OPIÐ
kl.9-18

ÓSEYRARBRAUT 29 • 220 HAFNARFIRÐI

550 0100

pottar@trefjar.is | www.trefjar.is

TREFJAR EHF.

Áskorun til áttunda útvarpsstjórans

Nýr kafli hefst nú í sögu Ríkisútvarpsins eftir niðurskurð, átök og niðurlægingu í beinni útsendingu sem leiddu til útvarpsstjóraskipta við erfiðar og krefjandi aðstæður. Stjórnarmenn gerðu sitt besta til að vinna úr stöðunni og setja hagsmunum fjölmiðilsins ofar pólitísku valdapotí. Það er ein af ástæðunum fyrir einróma niðurstöðu stjórnar og stuðningi við nýjan útvarpsstjóra, Magnús Geir Þórðarson, úr glæsilegum hópi umsækjenda. Það vann gegn Magnúsi Geir að þar til hann sótti um útvarpsstjórastöðuna var hann fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í stjórn RÚV og hann hafði ekki starfað sem fjölmiðlamaður. En góð reynsla hans af stjórnun menningarstofnana og fleiri mikilsverð atriði studdu við einróma val í stöðuna. En margir hæfir umsækjendur, af báðum kynjum, með bæði fjölmiðla- og stjórnunarreynslu sóttu um stöðuna. Og kona hefur aldrei gegnt stöðu útvarpsstjóra. Magnús Geir er áttundi útvarpsstjórinn sem skipaður er eða ráðinn. Til viðbótar eru þrír settir og allt hafa þetta verið karlar.

- Jónas Þorbergsson (1930-1953)
- Sigurður Þórðarson (settur) (1950-1952)
- Vilhjálmur Þ. Gíslason (1953-1967)
- Andrés Björnsson (1968-1986)
- Markús Örn Antonsson (1985-1991)
- Heimir Steinsson (1991-1996)
- Pétur Guðfinnsson (settur) (1996-1997)
- Markús Örn Antonsson (1998-2005)
- Páll Magnússon (2005-2013)
- Bjarni Guðmundsson (settur) (2013 – 2014)
- Magnús Geir Þórðarson (2014....)

Daginn sem Magnús Geir var ráðinn, samþykkti stjórnin einróma ályktun sem ákveðið var að birta opinberlega. Ekki er ástæða til að bíða lengur með að koma henni fyrir almenningssjónir, en hún er svona:

„Stjórn Ríkisútvarpsins fagnar tímamótum í starfsemi og því að nýr útvarpsstjóri hefur verið valinn úr hópi margra hæfra umsækjenda, bæði karla og kvenna. Þetta er í fyrsta sinn sem stjórn Ríkisútvarpsins velur nýjan útvarpsstjóra en áður skipaði ráðherra í embætti. Niðurstæða fjölmiðlara stjórnar var einróma.

RÍKISÚTVARPIÐ



Björg Eva Erlendsdóttir stjórnarmaður í stjórn RÚV

→ ... það eru líka karlar sem stjórna megninu af öllum umræðuþáttum um stjórnarmál og samfélag.

Engu að síður er nauðsynlegt að minna á að í hópi umsækjenda voru einnig mjög hæfar konur sem komu til greina í þetta leiðtogastarf. Í ljósi stöðunnar í samfélaginu öllu og á fjölmiðlum alveg sérstaklega er það von stjórnar að nýráðinn útvarpsstjóri taki fast á jafnréttismálum nú þegar þarf að ráða í mikilvægar lykilstöður innan Ríkisútvarpsins.“

Fullskipuð stjórn stóð að áskoruninni. Og nú liggur fyrir að ráða þarf í lykilstöður á Ríkisútvarpinu. Tvær slíkar eru lausar, staða fjármálastjóra og dag-skrárstjóra útvarpsins. Magnús Geir Þórðarson, hefur fagnað áskorunum um að koma á jafnrétti í samræmi við stefnu Ríkisútvarpsins. Þar er líka verk að vinna, því þótt jafnréttisstefna sé til vill brenna við að henni sé ekki fylgt. Sem glögg má sjá á því að karlar sitja langflestar yfirmannastöður og það eru líka karlar sem stjórna megninu af öllum umræðuþáttum um stjórnarmál og samfélag. En allir vita að fjölmiðlar og þó sér í lagi stjórnendur fréttu og umræðu um þjóðfélagsmál hafa mikil völd og áhrif. Eftir harðvítuga baráttu um fjölmiðla frá því löngu fyrir hrun er enginn vafi á því að þeir sem ráða í íslensku samfélagi, telja yfirráð yfir fjölmiðlum lífsspursmál og beita sér í samræmi við það. Og á það jafnt við um stjórnmalaflokka og hagsmunaaðila.

Þótt meirihluti þingmanna stjórnarflokkanna hafi gert frjálsri fjölmiðlun, lýðræðislegri fjölbreytni og heilbrigðri skynsemi skömm til á Alþingi í síðustu viku, með því að gera illa ígrundaðar og óþarfar breytingar á stjórn, getur framtíð Ríkisútvarpsins verið björt.

Ég ætla í það minnsta að trúa því að stjórn Ríkisútvarpsins vilji vinna af heilindum og fagmennsku. Hún muni styðja nýjan útvarpsstjóra til að fylgja eftir hlutverki Ríkisútvarpsins og skapa góðan starfsanda eftir gildum lýðræðis, sanngirni og jafnréttis. Fyrsta svar stjórnar til Alþingis, sem fleygði Pétri Gunnarssyni rithöfundu úr stjórninni til að rýma fyrir Framsókn, er að fá Pétur til að standa að undirbúningi útvarpsþings á árinu með nýjum útvarpsstjóra, formanni stjórnar og öðrum stjórnarmönnum. Sú ákvörðun var kynnt á aðalfundi fyrir skömmu. Og vonandi verða næstu skref góð.

Snjallsímaofbeldi?

Varaformaður Félags SAMFÉLAG

grunnskólakennara, Guðbjörg Ragnarsdóttir, lýsti í Fréttablaðinu yfir áhyggjum af auknu ofbeldi nemenda í garð kennara.

Ekki hvarflar það að mér að gera lítið úr ofbeldi, en ég hnaut um það í máli Guðbjargar að hún skilgreinir símanotkun nemenda sem eitt form ofbeldis. Varaformaðurinn segir það algengt að nemendur taki upp myndsköpun, eða hljóðbrot, af því þegar kennarar brýni raustina í kennslustundum og hótí síðan að gera það aðgengilegt öllum sem vilja heyra og sjá á internetinu. Að þessu sögðu segist hún ekki skilja þörfina á því að nemendur séu með síma í skólastofunni, sem búi yfir öðrum eiginleikum en hægt sé að hringja í þá og úr þeim.

Dálítið hugsi

Ég er satt að segja dálítið hugsi yfir þessu. Í fyrsta lagi finnst mér það dapurlegt viðhorf að snjallsímar og skóli fari ekki saman. Snjallsímar eru öflug tæki sem kennarar ættu að nýta sér í kennslunni. Það er illt til þess að vita að fólk í forystusveit grunnskólakennara skuli sjá óvin í nýrri tækni.

Í öðru lagi get ég ekki séð að það þurfi að ríkja mikil leynd yfir því sem fram fer í skólastofunni. Ég vona að þar gerist ekki margt sem ekki þolir dagsins ljós.

Vissulega get ég tekið undir það, að með tilkomu snjallsímanna eru kennarar berskjaldaðri en áður. Ég er sjálfur dauðfeg-



Heimir Eyvindarson grunnskólakennari

→ Ég er satt að segja dálítið hugsi yfir þessu. Í fyrsta lagi finnst mér það dapurlegt viðhorf að snjallsímar og skóli fari ekki saman. Snjallsímar eru öflug tæki sem kennarar ættu að nýta sér í kennslunni. Það er illt til þess að vita að fólk í forystusveit grunnskólakennara skuli sjá óvin í nýrri tækni. Í öðru lagi get ég ekki séð að það þurfi að ríkja mikil leynd yfir því sem fram fer í skólastofunni. Ég vona að þar gerist ekki margt sem ekki þolir dagsins ljós.

inn að ekki séu til mörg myndbrot af mér í skólastofunni. Bæði er ég aðeins of feitur fyrir sjónvarp og auk þess hef ég lent í því að segja og gera hluti sem ég iðrast innilega. En ég held að það sé með þetta eins og flesta aðra hluti, að boð og bönn séu ekki endilega besta leiðin. Farsælla sé að kenna nemendum að nota tækin á skynsamlegan hátt og ekki síður að reyna að koma þannig samskiptum á í skólastofunni að ekki sé sérstök þörf fyrir hótanir eða annað ofbeldi. Það tekst auðvitað ekki alltaf, en vonandi er það að minnsta kosti stefnan.

Mikilvægt



Magnesium plus með B12, B6 og fólínsýru er slakandi og styrkjandi fyrir líkama og sál. Nutra eru gæða vítamín á betra verði.

nutra

BONUS

HAGKAUP



Síminn 

Upplifðu magnað myrkur á Vetrarhátíð í Reykjavík

Síminn er stoltur styrktaraðili Vetrarhátíðar í Reykjavík

Deildu Vetrarhátíðinni með Símanum

Fangaðu framsækin ljóslistaverk, spennandi viðburði og magnað myrkur á Vetrarhátíðinni í Reykjavík og deildu á **#vetrarhatid** á Instagram. Þú gætir unnið iPhone 5S fyrir bestu myndina.



4G

MERKISATBURÐIR

1863 Alanson Crane fær einkaleyfi á slökkvitæki.

1931 Nýja-Delí verður höfuðborg Indlands.

1943 Orlofslög eru samþykkt á Alþingi og tryggja einn frídag fyrir hvern unninn mánuð.

1954 Dwight Eisenhower, forseti Bandaríkjanna, varar við því að Bandaríkjamenn hafi afskipti af Víetnam.

1962 Tveir farast þegar togarinn Elliði frá Siglufirði sekkur út af Snæfellsnesi. Togarinn Júpfer bjargar öðrum úr áhöfninni, 26 manns.

1992 Mike Tyson er ákærður fyrir að hafa nauðgað Desiree Washington.

1996 IBM-ofurtölvan Deep Blue sigrar Garrí Kasparov í fyrsta sinn.

2006 Vetrarólympíuleikarnir 2006 hefjast í Tórínó á Ítalíu.



Óperan Don Giovanni í Háskólabíói

Sýnd í beinni útsendingu frá The Royal Opera House í London.

Sena mun í samstarfi við the Royal Opera House og the Royal Ballet sýna beint frá sýningu The Royal Opera House á óperu Mozarts, Don Giovanni, í Háskólabíói á miðvikudagskvöldið.

Þetta er glæný uppfærsla á háleitri tragikómíu Mozarts, sem var fyrst sett á svið árið 1787, en í túlkuninni er ímyndunaraflíð í forgrunni. Don Giovanni er listamaður sem tælir konur í stríðum straumum með því að skapa undursamlegar tálmyndir. Kynferðislegir sigurar hans eru hégómlegar til-

raunir til að flýja eigin dauðleika og verða flagaranum dýrkeyptir.

Kasper Holten stýrir uppfærslunni, sem verður svolítið léttari en venjan er í meðhöndlun hans, þrátt fyrir að undirtóninn sé mjög myrkur. Söngvarar í óperunni eru ekki af verri endanum, Mariusz Kwiecien er einna fremstur þeirra sem syngja hlutverk Dons Giovanni í samtímanum, Alex Esposito er ungur og áræðinn Leporello og Véronique Gens, sem er heimsþekkt sópransöngkona.



Systir okkar,

KRISTRÚN ANNA FINNSDÓTTIR
frá Ytri-Á, Ólafsfirði,

lést 29. janúar á dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Fyrir hönd systkinanna,
Eva Finnsdóttir



ÞETTA GERÐIST 10. FEBRÚAR 1944

El Grillo sökk á Seyðisfirði

Þrjár þýskar flugvélar vörpuðu þennan dag fyrir 70 árum sprengjum á olíuflutningaskipið El Grillo á Seyðisfirði. Skipið sökk nokkrum klukkustundum eftir árásina, en talið er að þá hafi verið í því um níu þúsund tonn af olíu. Skipið var byggt árið 1922 en kom árið 1943 til Seyðisfjarðar og var notað sem olíubirgðaskip fyrir bresk og bandarísk skip. Skipið var um 134 metrar á lengd og 18 á breiddina. Með alla geyma fulla gat það borið um 12 þúsund tonn af olíu. Tiltölulega nýlega hafði verið fyllt á tankana þegar árásin átti sér stað. Um borð voru einnig geymdar sprengjubirgðir til að fylla á minni herskip. Þá bar skipið fallbyssu og loftvarnabyssur með tilheyrandi skotfærum. Mikil mengun varð í Seyðisfirði og nærliggjandi fjörðum þegar skipið sökk og eins þegar reynt var að ná olíu úr skipinu árið 1952. Þá tóku Olíufélagið hf. og Vélsmiðjan Hamar hf. að sér að tappa af skipinu og er talið að náðst hafi um 4.500 tonn. Árið 2001 var svo lagt í hreinsun á flakinu, en úr því hafði alla tíð seytilað einhver olía. Um verkið sá norskri verktakinn Riise Underwater Engineering, en um borð reyndist vera 91 tonn af olíu, mun minna en óttast hafði verið. Að auki hefur verið lokið við að fjarlægja sprengjur og skotfæri úr flakinu og því ljóst að það kemur til með að draga að sér sportkafara þar sem það liggur á um 50 metra dýpi í miðjum firðinum.



Íslensk og finnsk ljóðskáld í samvinnu

Fjögur íslensk skáld og tvö finnsk koma fram á ljóðakvöldi í Norræna húsinu og lesa ljóð sín fyrir áheyrendur. Samstarfið hófst í fyrrahaust með ferð þriggja íslenskra skálda til Finnlands en nú sækja finnsk ljóðskáld kollega sína á Íslandi heim í staðinn.

Þetta er verkefni sem var skipulagt af Finnunum Katariina Vuorinen og Marko Niemi og hófst í fyrrahaust,“ segir Kristín Svava Tómasdóttir einn þátttakenda í finnsk-íslensku ljóðakvöldi í Norræna húsinu annað kvöld. Þar munu íslensk og finnsk ljóðskáld lesa eigin verk á íslensku og finnsku, en finnsku ljóðin verða einnig lesin í íslenskum þýðingum Erlu Elíasdóttur.



KRISTÍN SVAVA

Samstarfið hófst með því að Kristín Svava fór í nóvember í fyrra ásamt Þórdísi Gísladóttur og Ingunni Snædal til Finnlands þar sem þær lásu upp með finnskum ljóðskáldum. „Þar las Tapio Koivukari með okkur, meðal annars finnskar þýðingar sínar á ljóðunum okkar íslensku skáldanna. Nú koma þau Katariina og Marko til Íslands og lesa upp með okkur og við lesum íslenskar þýðingar Erlu á ljóðunum þeirra,“ segir Kristín Svava.

Auk hennar og finnsku skáldanna koma fram og lesa ljóð sín þær Halldóra K. Thoroddsen, Þórdís Gísladóttir og Erla Elíasdóttir.

Ljóðakvöldið annað kvöld er ekki eini viðburðurinn sem finnsku skáldin taka þátt í því á fimmtudagskvöld verður „cover“ljóðakvöld á Loft hosteli þar sem skáldin lesa eitt ljóð eftir



Í FINNLANDI Að loknum upplestri í Finnlandi í nóvember. Ingunn, Þórdís, Kristín Svava, Tapio, Katariina og Marko.

sjálf sig og annað eftir eitthvert annað skáld. „Þar verðum við fjögur sem verðum í Norræna húsinu, Finnarnir og ég og Þórdís, en við bæst Eva Rún Snorradóttir, Mazen Maarouf og Elías Knörr,“ segir Kristín Svava.

Finnsku skáldin munu gera víðreist um Ísland því um næstu helgi verða þau á Hólmavík og síðan ef til vill á Austfjörðum þar sem Ingunn Snædal mun lesa með þeim.

fridrikab@frettabladid.is

Staða íslenskra bókmennta á Spáni

Enrique Bernárdez, þýðandi og prófessor, mun á morgun fjalla um stöðu íslenskra bókmennta á Spáni frá sjónarhóli þýðandans.

Enrique Bernárdez, þýðandi og prófessor við Complutense-háskólann í Madrid, mun á morgun klukkan 16 fjalla um stöðu íslenskra bókmennta á Spáni frá sjónarhóli þýðandans. Hann fjallar um hvernig verk eru valin til þýðingar, hvernig þýðingum á íslenskum bókmenntaverkum er tekið af spænskumælandi gagnrýnendum og lesendum og hvaða helstu vandamál koma á borð útgefenda og þýðanda í þessu samhengi.

Enrique Bernárdez hefur ritað bækur og fræðigreinar um málvísindi og þýtt fjölda íslenskra skáldverka, bæði miðaldabókmenntir, til dæmis Njálu, Eglu, Hrafnkötlu og hluta af Eddu, sem og verk nútíma- og samtímahöfunda, meðal annarra Laxness, Sjón, Guðberg Bergsson, Auði Övu Ólafsdóttur, Arnald Indriðason, Jón Kalman Stefánsson og Thor Vilhjálmsson.

Fyrirlesturinn, sem fer fram á ensku, er haldinn á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og námsleiðar í spænsku við Háskóla Íslands. Kynnir er Kristín Guðrún Jónsdóttir, lektor í spænsku.



GUÐBERGUR BERGSSON Meðal verka sem Bernárdez hefur þýtt eru verk Guðbergs Bergssonar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



HARRO OG HILDUR

Tvær sýningar voru opnaðar í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum á laugardaginn, sýning á verkum finnska listamannsins Harros og sýning Hildar Ásgeirsdóttur Jónsson sem ber heitið Úr iðrum jarðar. Harro er mikilvægur í sögu norrænnar myndlistar en Hildur hefur sameinað málalíst og vefnað.



Sjálfvirkur hurðaropnunarbúnaður

fyrir húsfélög og fyrirtæki, ásamt uppsetningu og viðhaldi. Hentar vel fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.

JARN&GLER

Skútuvogi 1h | 104 Reykjavík | Sími: 585 8900 | jarngler.is



VERKEFNASTJÓRI

„Í byrjun námskeiðsins leggur hver þátttakandi fram sína viðskiptahugmynd sem hann síðan vinnur að meðan á námskeiðinu stendur,“ segir Kristján Óskarsson, verkefnastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

MYND/STEFAN

ERTU MEÐ VIÐSKIPTAHUGMYND?

NÝSKÖPUNARMÍÐSTÖÐ KYNNIR Námskeiðið Stofnun og rekstur smáfirmatækja er ætlað þeim sem búa yfir viðskiptahugmynd og vilja stofna fyrirtæki í kringum hana. Næsta námskeið hefst 22. febrúar.

Námskeiðið snýst um grundvallaratriði sem varða stofnun og rekstur fyrirtækis,“ segir Kristján Óskarsson, verkefnastjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, um námskeiðið Stofnun og rekstur smáfirmatækja.

„Í byrjun námskeiðsins leggur hver þátttakandi fram sína viðskiptahugmynd sem hann síðan vinnur að meðan á námskeiðinu stendur. Sú hugmynd getur verið viðskiptahugmynd fyrirtækis sem þegar er stofnað eða ný hugmynd,“ útskýrir Kristján en í lokafanga námskeiðsins eru gerð drög að viðskiptaáætlun. „Þannig kemur í ljós hvort viðskiptahugmyndin sé raunhæf, það er hvort varan eða þjónustan sem á að selja sé líkleg til að skila arði.“

Námskeiðið er að sögn Kristjáns ætlað þeim sem búa yfir viðskiptahugmynd og hafa hug á að stofna fyrirtæki í kringum hana. Námskeiðið er einnig ætlað þeim sem hafa nýlega stofnað

fyrirtæki eða vilja auka rekstrarþekkingu sína. „Námskeiðið er fljótleg og þægileg leið til að útfæra viðskiptahugmyndina sína og greina möguleika hennar á markaði,“ segir hann.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands stendur fyrir námskeiðinu en eitt af hlutverkum Nýsköpunarmiðstöðvarinnar er að miðla þekkingu og veita stuðningsþjónustu til frumkvöðla og/eða aðstoða aðila sem hafa áhuga á að stofna fyrirtæki. Góð reynsla er af námskeiðinu sem haldið hefur verið reglulega í rúma tvo áratugi. „Nær öllum sem koma á námskeiðið ber saman um að þekkingin sem þeir afla nýtist þeim vel í störfum þeirra hvort sem þeir setja á fót fyrirtæki eða starfa hjá öðrum,“ upplýsir Kristján.

Næsta námskeið hefst 22. febrúar, það er alls 35 kennslustundir en kennt er á kvöldin og um helgar. „Hægt er að sækja um styrk til allra helstu starfsgreinafélaga í samræmi við réttindi viðkomandi,“ bendir Kristján á.

NÁMSKEIÐ

Nánari upplýsingar og námskeiðslýsingu má nálgast á vef Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands www.nmi.is undir stuðningur/námskeið.

TUDOR RAFGEYMAR

Hvalvatn 2013

Er bíllinn viðbúinn kuldanum í vetur?

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR TUDOR

Bildshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

NÚ LEGGJUM VIÐ SPILIN Á BORDIÐ

Drottningar dagar

Lækkum verðið á QUEEN SIZE dýnum í takmörkuðu magni í nokkra daga
Stærðir 153 x 203 cm
KOMDU OG GERÐU ÆVINTÝRALEGA GÓÐ KAUP!

Stillanlegur hægindasófi
Verð áður kr. 179.900.-
Verð nú aðeins kr. **134.925**
Litir: Svart

25% afsl.

QUEEN SIZE

Svefn & heilsa
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnafl - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
 Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
 Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
 Sölumenn:
Bryndis Hauksdóttir,
 bryndis@365.is, s. 512 5434
Sverrir Birgir Sverrisson,
 sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Kolbeinn Kolbeinsson,
 kolli@365.is, s. 512-5447

Hreinsandi sérhæfir sig í:

- Myglugró
- Djúphreinsun
- Lyktareyðingu
- Sótthreinsun teppa, húsgagna, rúmdýna og annarra húsmuna.

Eldshöfða 1 S: 577-5000 Hreinsandi.is hreinsandi@hreinsandi.is

OKKAR BAKARÍ

Skóðið úrvalið!

Flottar kökur í afmælið

- Dóra og Diego
- Skylanders
- Bratz
- Spiderman
- Star Wars
- Hulk
- Disney prinsessur
- Monster High
- Tísku Barbie
- Litla hafmeyjan
- Strumparnir og margt fleira

lönbú 2 Garðabæ 565 8070 okkarbakari.is facebook.com/okkarbakari

Vissir þú að... holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

Barnaheill Save the Children á Íslandi

GJÖRBREYTTI LÍFINU

FAGURKERI Margrét Eyjólfsdóttir hannar falleg skilti sem skreyta má hvert heimili með. Hún segir skiltagerðina hafa veitt sér sjálfstæði og öryggi.

Sagan á bak við það hvernig Margrét Eyjólfsdóttir, Magga, byrjaði að mála er nokkuð óvenjuleg. „Þannig var mál með vexti að fyrir nokkrum árum átti ég málverk sem mér fannst mjög fallegt. Röð atvika urðu til þess að ég missti þetta málverk frá mér til annars aðila. Vinkona mín sagði þá í gríni að ég ætti bara að mála alveg eins málverk í staðinn sjálf, það myndi enginn sjá muninn. Ég var ekki alveg til í að gera það en þetta varð til þess að ég fór að þæla í myndlistinni. Ég hafði ekkert verið í neinu slíku áður en mér finnst gaman að hafa fallega hluti í kringum mig og hef gaman af alls kyns skreytingum,“ segir Magga. Út frá þessu fór hún að kynna sér myndlist á netinu, á YouTube og slíkum síðum, og lærði að mála.

Á þessum tíma var Margrét atvinnulaus en hún reyndi að skapa sér örtiltar aukatekjur með því að kaupa ódýr húsgögn í Góða hirðinum, gera þau upp og selja svo aftur. „Ég var mikið í því að kaupa kómmóður, skápa og spegla og mála þá eða kalka og setja svo texta á þá. Svo fór ég að búa til skrautskilti með textum. Það byrjaði allt með vísu Vatnsenda-Rósu, mér fannst þær svo fallegar og notaði þær á fullt af skiltum og gaf vinum og ættingjum. Það vatt svo upp á sig að ég er farin að selja þetta í hinum og þessum búðum núna undir merkinu LIFA handverk.“

Margrét gerir öll skiltin ein við eld-húsbörðið heima hjá sér og nú er svo komið að hún er í miklu meira en fullri vinnu en auk skiltagerðarinnar og myndlistarinnar starfar hún þrjá daga í viku á leikskóla. „Mér finnst hafa orðið ákveðin hugarfarsbreyting í þjóðfélaginu á síðustu árum og fólk hugsar meira inn á við. Fjölskyldan, vinir og heimilið skipta meira máli en áður og allt íslenskt er í tísku. Allir textarnir sem ég geri eru íslenskir og ég sæki líka mikið í gamla texta, vísur og ljóð. Íslenskan er svo fallegt mál og hægt að vinna mikið



með hana. Þetta ferli hjá mér hefur verið alveg lygilegt og hefur skapað mér sjálfstæði og öryggi. Tækifærin eru hins vegar víða, þau koma ekki sjálfkrafa, það þarf að hafa fyrir þeim en þegar þau koma þarf fólk að grípa þau.“ Skiltin og málverk Möggu má finna á Facebook undir heitinu Magga myndlist. Einnig má minnst á það að hún sérmerkir skilti eftir óskum.

■ liljabjork@365.is

FALLEG SKILTÍ
 Íbúð Möggu er undir-lögð af skiltagerðinni. Hún notar mest íslenska texta á skiltin.
 MYND/VILHELM

gengurvel.is

Hita- og svitakóf?

Náttúruleg lausn við einkennum breytingarskeiðsins

Án allra hormóna

Útsöluastaðir: flest apótek, heilsubúðir og stórmarkaðir



GJAFAVÖRUR Á NETINU

FALLEG
 Ný netverslun hefur litið dagsins ljós en hún býður vörur fyrir heimilið og konur. Þetta eru góðar tækifæringsgjafir eða bara til að lifga upp á heimilið, púðar, kertastjaker og körfur. Einnig er boðið upp á fallega hálsklúta fyrir konur. Verslunin sem heitir kolka.is er einnig á Facebook. Þess má geta að 10% af verði allra vara renna til góðgerðamála. Facebook-vinir Kolku geta bent á góðgerðarmálefni sem vert er að styrkja á Facebook eða með tölvupósti, sigridur@kolka.is. Vörurnar eru allar vandaðar og á góðu verði. Ef keypt er fyrir meira en 5.000 krónur er frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu. Vörur eru sendar hvert á land sem er.

Verð frá 7990

VENTS

VIFTUR

viftur.is íshúsið

Smíðjuvegur 4a, 200 Kópavogur, græn gata

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson Löggitur fasteignasali Sími 897 8266 | Sigurður Samúelsson Löggitur fasteignasali Sími 896 2312 | Sveinn Eyland Löggitur fasteignasali Sími 690 0820 | Íris Hall Löggitur fasteignasali | Þórarinn Thorarensen Sölustjóri Sími 770 0309 | Kristberg Snjólfsson Sölufulltrúi Sími 892 1931 | Eggert Mariússon Sölufulltrúi Sími 690 1472 | Haraldur Ómarsson Sölufulltrúi sími 845 8286 | Sigurður Fannar Guðmundsson Sölufulltrúi Sími 897 5930 | Benedikt Ólafsson Sölufulltrúi Sími 661 7788

100% Þjónusta = árangur*

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaðþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!

HRAUNHAMAR

FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

Púfubarð – Hafnarfjörður – Sérhæð



Nýkomin í einkasölu sérlega skemmtileg 121 fm. neðri sérhæð í góðu tvíbýli. Þrjú svefnherbergi, hol, möguleiki á fjórum svefnherbergjum. Rúmgóðar stofur. Sér garður. Allt sér. Ekkert áhvilandi. Verð: 27.9 millj. Íbúðin er laus strax.

Allar frekari upplýsingar veitir Hilmar Bryde sölumaður hjá Hraunhamri.

Magnús Emilsson Löggitur fasteignasali.

Fallegt hús á Nesinu

Fasteignasalan TORG kynnir: 216 fm raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr í Suðurmýri 25, Seltjarnarnesi. Opið hús á morgun kl. 17.30-18.

Komið er inn í rúmgóða forstofu með flísum á gólfi og fatahengi. Við hlið forstofu er gestasalerni. Úr forstofu er komið í opið hol þar sem hægt er að hafa sjónvarpshol, skrifstofu eða leiksvæði. Eldhúsið er rúmgott, með góðri viðarinnréttingu og plássi fyrir tvöfaldan ísskáp.

Inn af holi er herbergi með miklum gólfsíðum gluggum að hluta. Borðstofa er björt og rúmgóð. Parket á gólfi. Útgengt er í fallegan garð með runnum og trjám, hellur og gras að hluta. Opið svæði með leiktækjum við lóð.

Stofan er inn af borðstofu. Þar er fallegur steypur arinn og parket á gólfi. Á efri hæð eru fjögur rúmgóð svefnher-



Fallegt raðhús við Suðurmýri á Seltjarnarnesi.

bergi og baðherbergi. Hjónaherbergið er stórt með miklu fatahengi. Baðherbergið er með flísum á veggjum, baðkari og steypum flísalögðum sturtuklefa. Þvottahús er með góðri hvítri innréttingu með vaski. Gert er ráð fyrir þvottavél og þurrkara í innréttingu. Bílskúrinn er skráður 26,8

fm. Um er að ræða góða eign á góðum stað á Seltjarnarnesi. Stutt í skóla, íþróttir, verslun og þjónustu, eign sem vert er að skoða. Laus 1. apríl 2014.

Allar nánari upplýsingar veitir Steinar Sigurðsson sölufulltrúi í síma 661-2400 eða steinar@fastorg.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT



heimili

FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson lögg. fasteignasali | Finnboði Hilmarsson lögg. fasteignasali | Gústaf Adolf Björnsson lögg. fasteignasali | Stefán Már Stefánsson sölufulltrúi | Erla Dröfn Magnúsdóttir lögfræðingur | Ásdís Írena Sigurðardóttir skjalagerð | Árni S. Guðmundsson sölufulltrúi atvinnuhúsnæðis

Finndu okkur á Facebook



Björtusalir 8 - 4ra + bílsk - Opið hús
Vönduð 150 fm íbúð á 2. hæð í litlu 5 íbúða fjölbýlishúsi. Húsið stendur á rólegum stað í enda botnlanga. Íbúðarrými er 124 fm og bílskúr 26 fm. Góð staðsetning nálægt skóla og íþróttastöðu. V. 39,9 m. Til sýnis í dag kl 17:30-18:00



Traðarland - Lækkað verð!
260 fm. einbýlishús á rólegum skjólgóðum stað. Húsið skiptist í 140 fm aðalhæð, 80 fm í kjallara auk 38 fm bílskúrs. Húsið stendur í innri hluta botnlanga. Stór gróinn garður og endurbætt þak. Hús með marga möguleika.



Básbryggja - 3ja herb.
Góð 105 fm íbúð á jarðhæð með sérinnangi og stórum sólpalli. Tvö góð svefnherbergi. Flísalagt eldhús með borðkrók. Þvottahús og geymsla innan íbúðar. Laus til afhendingar V. 26 m



Breiðahvarf 1, nýbygging
Vönduð 155 fm neðri sérhæð í 4-býli afhent fullbúin án gólfefna en búið að flísalægja baðherbergin og þvottahús. Íbúðin er 149,5 fm og bílskúr 36,1 fm, heildarstærð 185,6 fm. Aðeins þessi íbúð eftir. Vandaðar innréttingar, þrjú svefnherbergi og tvö baðherbergi. Traustur byggingaverktaki. V.55 millj.



Furuberg Hfj. - Einbýli
Frábært 4-5 herb. fjölskylduhús með sérstæðum bílskúr á einni hæð. Eignin skiptist í hjónaherbergi, 2-3 barnaherbergi. Baðherbergi, gestasalerni, stórt eldhús, stofu/borðstofu, þvottahús. Góður sérstæður bílskúr. Áhvilandi 48 millj. - Yfirtaka



Móabard - Sérhæð
Vel skipulögð 100 fm. 4ra herbergja sérhæð í tvíbýlishúsi. Húsið nýlega viðgert að utan og afhentist nýmálað. 3 svefnherberg og stofa, sérinnangur og sameignlegt þvottahús. V. 23,9 m.



Bakkastaðir - Einbýli á einni hæð
Vandað 250 fm einbýlishús á einni hæð með innbyggðum 31 fm bílskúr. Fimm svefnherbergi og stórar stofur. Parket og flisar á gólfum. Glæsilegur garður í góðri rækt með sólpalli og heitum potti. Stutt út í fallega nátturu og góðar göngu- og hjóla leiðir með ströndinni.



Haukdælbraut - Raðhús
Raðhús á tveimur hæðum á fallegum útsýnisstað í Grafarholti norðan Reykjavíks. Húsið er um 207 fm. Íbúðarrými 175 fm og innbyggður bílskúr 33 fm. Að auki er gluggalaust rými um 40 fm innan bílskúrs sem gefur ýmsa möguleika. Vel skipulagt hús. Hús afhentist tilbúið til innréttinga. V. 48,5 m.



Hólmvað - sérhæð
Vönduð 155 fm neðri sérhæð með bílskúr. Hæðin er 4ra - 5 herbergja og er á tveimur hæðum. Suður svalir og vernd í bakgarði. Gott skipulag og vandaðar innréttingar. V. 39,9 m. Seljandi leitast sér að stærri eign í hverfinu.

Heimili fasteignasala óskar eftir
2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðum í úthverfum höfuðborgarinnar til kaups fyrir sterkt leigufélag. Verðbil eigna getur verið 15-30 m.
Nánari upplýsingar veitir Bogi Molby Pétursson sölustjóri.



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Guðmundur H. Steinþórssón
Lögg. fasteignasali
gs@fastmark.is



Elías Haraldsson
Lögg. fasteignasali
elias@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Sölumadur
gisti@fastmark.is



Elín D. Wyszamirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Halveig Guðadóttir
Skrifstofustjóri
halveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.

Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Árskógar – 2ja herbergja íbúð á efstu hæð



Glæsileg og björt 2ja herbergja 76,1 fm. íbúð á efstu hæð í þessu eftirsóttá fjölbýlishúsi fyrir eldri borgara.

Húsvörður er í húsinu og félagsaðstaða með samkomusal er á jarðhæð hússins.

Íbúðin er ætluð fyrir 60 ára og eldri sem eru félagsmenn í Félagi eldri borgara.

Svalir til austurs, yfirbyggjanlegar.

Frábært útsýni að Reykjanesi, Bláfjöllum og víðar.

Laus til afhendingar strax.

Skúlagata 40B. 4ra herbergja íbúð á efstu hæð.



Glæsileg 139,9 fm. íbúð á efstu hæð með mikilli lofthæð í litlu og góðu fjölbýlishúsi auk sér bílastæðis í upphitaðri bílageymslu.

Samliggjandi bjartar stofur.

Sjónvarpsstofa með útgengi á austursvalir.

Tvö herbergi.

Húsið er allt nýendurnýjað að utan og er í afar góðu ásigkomulagi.

Sameign er öll til fyrirmyndar og lyfta er í húsinu. Innangengt í lyftu frá sér bílastæði í bílageymslu.

Íbúðin er laus til afhendingar fljótlega.

Verð 44,5 millj.

Lækjargata – Hafnarfirði.



Verslunar, skrifstofu- og lagerhúsnæði. 148,9 fm. verslunar-, skrifstofu- og lagerhúsnæði í nýlegu húsi auk tveggja sér bílastæða í bílageymslu.

Húsnæðið er allt ný innréttað og í afar góðu ástandi. Fullfrágengin og malbikuð lóð með fjölda bílastæða. Loftræstikerfi er í húsnæðinu. Tölvu-skápur fylgir. Miklar og góðar raf- og tölvulagnir eru í eignarhlutanum. Verslun með stórum gluggum út að götu. Lager með 3,5 metra lofthæð. Seljandi myndi athuga með skipti á íbúð á svipuðu verði eða ódýrari.

27,9 millj.

4RA- 6 HERBERGJA



FÁLKAGATA- 6 HERBERGJA.

- 131,6 fm. 6 herbergja íbúð á 2. hæð.
- Samliggjandi stofur. Fjögur herbergi.
- Stórar svalir til suðurs. Hús nýlega viðgert og málað að utan.
- Lokaður bakgarður, tilvalið fyrir barnafólk.

37,9 millj.

SÉRBYLI



VIÐARÁS- REYKJAVÍK.

- Vandað 192,8 fm. tvílyft raðhús með 23,6 fm. innb. bílskúr.
- Björt stofa með góðri lofthæð. Þrjú svefnherbergi.
- Falleg ræktuð lóð með timburvernd.
- Frábær staðsetning í Selásnum.

48,5 millj.

NÝBYGGING



LANGALÍNA 33 – SJÁLANDI GARÐABÆ.

Glæsilegar 3ja og 4ra herbergja íbúðir í nýju og glæsilegu 3ja hæða lyftuhúsi í Sjálandi í Garðabæ. Íbúðirnar eru frá 110 fm. upp í 129 fm. og afhendast fullbúnar án gólfefna, en baðherbergi og þvottaherbergi skilast flísalögð.

3JA HERBERGJA



LYNGMÓAR - GARÐABÆ. ENDAÍBÚÐ.

- Algjörlega endurnýjuð 85,7 fm. endaíbúð á 3. hæð.
- 6,6 fm. sér geymslu í kjallara og 19,7 fm. bílskúr.
- Íbúðin var öll endurnýjuð að innan árin 2007 – 2008.
- Svalir til suðvesturs. Frábært útsýni.

33,9 millj.



BRÁVALLAGATA. TVÆR ÍBÚÐIR.

Vel skipulögð 4ra herbergja 85,4 fm. íbúð á 2. hæð í fjórbylishúsi auk sér um 40 fm. 2ja herbergja nýinnréttaðrar íbúðar í risi hússins. Skjólögðar svalir til suðurs út af barnaherbergi stærri íbúðar. Auðvelt að breyta annarri stofu í herbergi. Nýlegir þakgluggar eru á risibúð.

39,9 millj.



ÁSBÚÐ- GARÐABÆ.

- Fallegt 306,6 fm. tvílyft einbýli með 68,8 fm. innb. bílskúr.
- Stofur með arni. Nýlega endurnýjað eldhús. 6 herbergi.
- Auðvelt er að útbúa sér íbúð á neðri hæð hússins.
- Lóð nýlega endurnýjuð og vísar að tærstum hluta til suðurs.

79,9 millj.



BOÐAPING- KÓPAVOGI.

- Mjög góð 87,2 fm. íbúð á 2. hæð í nýju fjölbýlishúsi.
- Vandaðar innréttingar. Granít borðplötur og sólbekkir.
- Eign í fallegu umhverfi við Elliðavatn. Stutt í golf og sund.
- Íbúðin er til afhendingar við kaupsamning.

28,0 millj.



KÓPAVOGSBRAUT- NEÐRI SÉRHÆÐ.

- Glæsileg 134,0 fm. neðri sérhæð í nýlegu fjórbylishúsi.
- Hvítar háglansinnréttingar í eldhúsi og baðherbergi.
- Harðviðarúthurðir og gluggar. Húsið klætt með flisum.
- Skjólögð verönd til suðurs.
- Sjávarútsýni úr stofu og af verönd.

36,9 millj.



ÁLFTAHÓLAR – RVK. 4RA HERBERGJA

- Góð 108,6 fm. íbúð á 4. hæð að meðt. geymslu í kjallara.
- Rúmgóð stofa með útgangi á suðursvalir.
- Þrjú herbergi. Lyfta.
- Íbúðinni fylgir 29,6 fermetra bílskúr.

25,9 millj.



LAUGARÁSVEGUR – REYKJAVÍK.

- 200,0 fm. tvílyft parhús að meðt. 22,2 fm. innb. bílskúr.
- Sofa og borðstofa, aukin lofthæð. Fallegur arinn í stofu.
- Flísalagðar svalir til suðurs. Hellulögð verönd.
- Frábær staðsetning. Laust til afhendingar fljótlega.

65,0 millj.

GRENIMELUR



Grenimelur – efri hæð og ris ásamt bílskúr.

142,2 fm. efri hæð og ris með sér inngangi ásamt 21,4 fm bílskúr samtals 163,6 fm. í fallegu þriggja íbúða steinhúsi. Eldhús með snyrtilegri innréttingu. Sjónvarpsbol. Fjögur herbergi. Húsið litur mjög vel út að utan og var allt steinað upp á nýtt árið 2010. Bílskúr var allur múraður upp á nýtt að utan árið 2012. **Verð 49,5 millj.**

SKÓLABRAUT



Skólabraut - Seltjarnarnesi. Neðri sérhæð.

Björt og vel skipulögð 123,8 fm. neðri sérhæð í mjög fallegu og nýlegu tvíbylishúsi á Seltjarnarnesi auk 29,4 fermetra bílskúrs, samtals 153,2 fm. Um er að ræða 2ja íbúða hús, byggt árið 2001. Fjögur herbergi. Vandaðar innréttingar, gegnheilt parket og flisar á gólfum. Sér afgirt lóð með hellulagðri verönd og mjög stórt bílappan fyrir framan húsið með hitalögnum undir. Skipt var um þak í heilu lagi í desember 2013. **Verð 51,0 millj.**

Lækjasmári 4- Kópavogi. 4ra herbergja íbúð.



OPÍÐ HÚS Í DAG

OPÍÐ HÚS Í DAG, MÁNUDAG, FRÁ KL. 17.30-18.00

Mjög falleg og björt 103,6 fm. íbúð á 3. hæð í góðu fjölbýlishúsi með lyftu á frábærum stað auk 4,7 fm. sér geymslu í kjallara

Rúmgóð stofa. Þrjú svefnherbergi. Þvotta-herbergi innan íbúðar. Yfirbyggðar svalir til vesturs, flisalagðar. Góð aðkoma er að húsinu og sameign er öll til fyrirmyndar. Góð staðsetning. Stutt í þjónustu.

Verð 33,9 millj.

Íbúð merkt 0304. Verið velkomin.

Baldursgata 6a. Góð 3ja herbergja íbúð.



OPÍÐ HÚS Á MORGUN

OPÍÐ HÚS Á MORGUN, ÞRIÐJUDAG FRÁ KL. 17.30-18.00

Falleg og bó nokkuð endurnýjuð 71,5 fm. á 1. hæð í nýuppgerðu steinhúsi í Þingholtunum. Eldhús með nýlegri innréttingu og tækjum. Björt stofa. Tvö herbergi. Sér geymsla í kjallara og sameiginlegt geymslurís. Húsið nýviðgert að utan.

Verð 26,9 millj.

Íbúðin verður til sýnis á morgun. Verið velkomin.

Haustakur 2- Garðabæ. Glæsileg 4ra herbergja endaíbúð.



OPÍÐ HÚS Á MORGUN

OPÍÐ HÚS Á MORGUN, ÞRIÐJUDAG FRÁ KL. 17.30-18.00

Björt og mjög vel skipulögð 146,2 fm. endaíbúð á efri hæð með sér inngangi af svölum í Akra-landi í Garðabæ að meðt. 23,2 fm. sérgeymslu.

Stórar stofur með fallegu útsýni og útgengi á stórar og skjólgóðar svalir til suðurs og vesturs. Eldhús með eyju. Þrjú herbergi. Frábær staðsetning þaðan sem stutt er í skóla og aðra þjónustu.

Verð 44,9 millj.

Verið velkomin.

Grænahlið. 4ra herbergja íbúð.



Glæsileg og algjörlega endurnýjuð 123,9 fm. 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í góðu og nýlega viðgerðu fjölbýlishúsi í Hlíðunum.

Íbúðin hefur öll verið endurnýjuð hið innra. Nýjar hvítar sérsmiðaðar innréttingar eru í eldhúsi. Rúm-gott baðherbergi með vönduðum innréttingum. Öll gólfefni eru ný. Stórar og bjartar samliggjandi stofur. Tvö herbergi. Útgangur á svalir úr stofum og hjónaherbergi. Sér bílastæði á lóð og bílskúrsréttur fylgir íbúðinni.

Verð 44,9 millj.

SÉRBÝLI



NJÁLSGATA- REYKJAVÍK.

Stórglæsilegt u.þ.b. 300 fm. einbýlishús á þremur hæðum, að meðtöldum 31,5 fm. bílskúr, á stórra og fallegri lóð með miklum verndum og skjólveggjum á frábærum stað í miðborginni. Um er að ræða eldra hús, ca. 80 fm., sem var endurbýtt frá a-ð á sama tíma og byggðir voru ca. 185,5 fm. við húsið á árunum 2004 - 2005. Eignirnar eru tengdar saman með tengibyggingu

89,0 millj.

SÉRBÝLI



SÆBRAUT - SELTJARNARNESI. SJÁVARLÓÐ.

